



ÁRSSKÝRSLA 2015

Efnisyfirlit

3	I	Markmið og stefna
5	II	Stefnan í peningamálum
9	III	Fjármálakerfi
13	IV	Gjaldeyrisforði
17	V	Lánamál ríkissjóðs
21	VI	Alþjóðleg samskipti
23	VII	Sérstök verkefni
31	VIII	Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið
39		Samstæðuársreikningur 2015
		Viðaukar
85		Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2015
86		Ritaskrá Seðlabanka Íslands árið 2015
87		Töflur



Bankaráð eins og það var skipað í árslok 2015. Sitjandi frá vinstri: Jón Helgi Egilsson, Þórunn Guðmundsdóttir formaður og Ragnar Árnason. Standandi frá vinstri: Auður Hermannsdóttir, Björn Valur Gíslason, Ágúst Ólafur Ágústsson og Ingibjörg Ingvadóttir.

Útgefandi:

Sedlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík.

Sími: 569 9600, símbréf: 569 9605

Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is

Veffang: www.sedlabanki.is

Prentun og bókkband: Oddi ehf.

Reykjavík 2016

ISSN 1670-522X

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

I Markmið og stefna

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt skal Seðlabankinn stuðla að fjármálastöðugleika. Með samþykki ráðherra hefur bankinn lýst yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í sameiginlegri yfirlýsingu Ríkisstjórnar Íslands og Seðlabanka Íslands 27. mars 2001 er verðbólgu markmiðið skilgreint sem 2½% hækkun á verði vöru og þjónustu á 12 mánaða tímabili.¹ Lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, veita bankanum fullt sjálfstæði við að framkvæma peningastefnuna til þess að ná þessu markmiði. Jafnframt er tekið fram að bankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag. Þá kemur fram í löggunum að bankinn skuli varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Í lögnum eru jafnframt ákvæði um að gerð skuli opinberlega grein fyrir peningastefnunni og fyrir starfsemi bankans almennt.²

Peningastefna

Fimm manna peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja í peningamálum. Stjórnþæki bankans teljast í þessu sambandi vera vextir Seðlabanka Íslands, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavarálán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Nefndin hefur sett sér reglur um starfshætti sem bankaráð hefur staðfest.³ Seðlabankastjóri er formaður peningastefnunefndar en í henni sitja að auki samkvæmt lögum aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði peningastefnumótunar og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem ráðherra skipar. Árið 2015 tók peningastefnunefnd átta sinnum ákvörðun um vexti bankans. Nefndin hélt einnig aukafund til að ræða mögulegar endurbætur á stjórnþækjum bankans og svo sameiginlegan fund með kerfisáhættunefnd 30. nóvember til að ræða tæki sem nýta mætti í því skyni að takmarka innflæði vegna vaxtamunarviðskipta.

Við framkvæmd stefnunnar í peningamálum gerir Seðlabankinn þjóðhags- og verðbólguþátt til þriggja ára. Spáin er birt í riti bankans, *Peningamálum*, sem gefið var út fjórum sinnum á árinu. Í ritinu birtir bankinn ítarlega greiningu á framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum samhliða birtingu spárinnar.

Fjármálastöðugleiki

Seðlabanki Íslands skal stuðla að fjármálastöðugleika. Það var undirstrikað með breytingu á lögum um Seðlabankann árið 2013 og með lögum nr. 66/2014 frá 2014 um stofnun fjármálastöðugleikaráðs og kerfisáhættunefndar sem starfar fyrir ráðið. Kerfisáhættunefnd hélt

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Litils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.
2. Greint er nánar frá verkefnum bankans í ýmsum köflum þessarar skýrslu.
3. Reglur um starfshætti peningastefnunefndar eru aðgengilegar á vef Seðlabanka Íslands.

fjóra fundi á árinu. Seðlabankinn leitast jafnan við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana, fjármálamarkaða, heimila og fyrirtækja. Hann birtir ítarlega greiningu sína á þáttum sem varða fjármálastöðugleika tvisvar á ári í ritinu *Fjármálastöðugleiki*. Auk þess stuðlar Seðlabankinn að virku og öruggu fjármálakerfi með rekstri kerfislega mikilvægra fjármálainnviða og með eftirliti með því að kerfislega mikilvæg innlend greiðslu- og uppgjörskerfi séu í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar kröfur og gefur m.a. í því skyni út ritið *Fjármálainnviðir*.

Seðlabanki Íslands setur lánastofnunum reglur um lágmark lausafjár, stöðuga fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum og reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Bankinn á viðskipti við lánastofnanir. Í lögum um bankann er honum einnig veitt heimild til að veita lánastofnunum í lausafjávanda ábyrgðir eða lán þegar sérstaklega stendur á og hann telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsmanna.

Gjaldeyrisforði, lánamál ríkisins, gjaldeyrismál og fleiri verkefni

Eitt af viðfangsefnum Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum er að varðveita gjaldeyrisforða en hann dregur m.a. úr áhrifum af sveiflum í fjármagnsstreymi til og frá landinu. Forðinn gerir bankanum kleift að aðstoða ríkissjóð við að mæta þörfum fyrir erlendan gjaldeyri og standa við erlendar lánaskuldbindingar. Gjaldeyrisforði skapar þá tiltrú á mörkuðum að landið geti staðið við erlendar skuldbindingar sínar. Þá má nota gjaldeyrisforða til að styðja við peningastefnuna. Til að tryggja markvissa stýringu á fjárhagslegri áhættu við rekstur forðans setur seðlabankastjóri reglur um varðveislu gjaldeyrisforðans sem bankaráð staðfestir. Seðlabanki Íslands sér um framkvæmd innlendra og erlendra lánamála og skuldastýringu ríkissjóðs í umboði fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Verkefnum Seðlabanka Íslands hefur fjölgað á síðustu árum, m.a. vegna fjármálakreppunnar sem náði hástigi á árinu 2008. Meðal nýrra verkefna eru eftirlit með fjármagnshöftum, verkefni á sviði greiðslumiðlunar og úrvinnsla eigna og krafna í kjölfar þrots bankanna. Félög í eigu bankans sinna tveimur síðartöldu verkefnum.

Á árinu var stigið stórt skref í átt að losun fjármagnshafta með því að veita slitabúum fallinna viðskiptabanka og sparisjóða undanþágu frá lögum um gjaldeyrismál til útgreiðslu fjármuna til kröfuhafa vegna nauðasamninga og loka slitameðferðar félaganna.

II Stefnan í peningamálum

Meginmarkmið peningastefnunnar er að stuðla að stöðugu verðlagi eins og kveðið er á um í lögum um bankann. Þetta markmið er útfært nánar sem 2½% verðbólgu markmið í sameiginlegri yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnar frá 27. mars 2001.

Þróun vaxta, gengis og verðbólgu á árinu 2015

Gengi krónunnar hækkaði nokkuð á seinni hluta árs 2015 og má líklega rekja það til aukins gjaldeyrissinnstreymis vegna mikils vaxtar í ferðaþjónustu og bættra viðskiptakjara þjórðarþúsins. Seðlabankinn hefur verið virkur á innlendum gjaldeyrismarkaði og keypt talsvert af erlendum gjaldeyri í reglubundnum og óreglubundnum viðskiptum.¹ Bankinn hefur þannig lagst gegn hækkun krónunnar og dregið úr gengissveiflum. Gengi krónunnar hækkaði engu að síður gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu og evru á síðasta ári. Það hækkaði um tæplega 8% gagnvart vísitölunni yfir árið samanborið við um 2% á árinu 2014. Hrein gjaldeyriskaup bankans á millibankamarkaði með gjaldeyri námu um 272,4 ma.kr. á árinu sem nemur um 12,5% af áætlaðri landsframléiðslu á árinu 2015 en bankinn hefur ekki áður keypt jafn mikinn gjaldeyri á markaðnum á einu ári.


Í desember 2014 fór verðbólga niður fyrir neðri vikmörk verðbólgu markmiðs Seðlabankans. Í greinargerð sem Seðlabankinn sendi ríkisstjórninni af því tilefni greindi bankinn frá því að litlar líkur væru taldar á að það yrði viðvarandi ástand. Í mars 2015 fór verðbólga aftur upp fyrir neðri vikmörkin þegar hún mældist 1,6%. Meðalverðbólga á árinu 2015 var 1,6% samanborið við 2% árið 2014 og 3,9% árið 2013. Í desember 2015 mældist ársverðbólga 2%. Á árinu var verðbólga fyrst og fremst drifin áfram af innlendum þáttum og þá sérstaklega hækkun húsnæðisliðar vísitölunnar og ef horft er á vísitölu neysluverðs án húsnæðis var verðbólga einungis 0,4% í lok ársins. Undirliggjandi verðbólga jókst á árinu 2015. Ársverðbólga á mælikvarða kjarnavísitölu 3, sem undanskilur áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruleiða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána, mældist 2,2% í desember 2015 samanborið við 1,4% á sama tíma 2014. Innlendum verðbólguþrýstingur jókst í kjölfar kjarasamninga sem gerðir voru um mitt árið þar sem samið var um verulegar launahækkanir en hækkun gengis krónunnar og lækkun alþjóðlegs vöruverðs, einkum olíuverðs, hefur vegið upp á móti auknum innlendum kostnaðarþrýstingi. Verðlækkun innfluttrar vöru hafði mest áhrif á vísitölu neysluverðs á seinni hluta síðasta árs.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hélt vöxtum bankans óbreyttum fram í júní 2015 þegar þeir voru hækkaðir um 0,5 prósentur. Í ágúst voru vextir aftur hækkaðir um 0,5 prósentur og í nóv-

Mynd II-1

Gengi krónu og gengisflókt

Daglegar tölur 4. janúar 2010 - 31. desember 2015




— Vísitala meðalgengis - viðskiptavog þröng (andhverfur v. ás)¹
— Gengisflókt krónu (h. ás)²

1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum. Vinstri ás er andhverfur þannig að styrking krónunnar kemur fram sem hækkun ferilsins. 2. Flókt krónu er 3 mánaða staðalfrávik daglegra breytinga.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-2

Ýmsir mælikvarðar á verðbólgu¹

Janúar 2001 - desember 2015



— Vísitala neysluverðs
— Vísitala neysluverðs án húsnæðis
— Kjarnavísitala 3 án skattaáhrifa
— Kjarnavísitala 4 án skattaáhrifa
— Verðbólgu markmið


1. Kjarnavísitala 3 er vísitala neysluverðs án búvöru, grænmetis, ávaxta, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána. Í kjarnavísitölu 4 er að auki markaðsverð húsnæðis undanskilið.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

1. Samkvæmt 24. grein laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, skal peningastefnunefnd taka ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans. Í lögum er kveðið á um að viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar séu eitt af stjórnþækjum bankans. Aukin notkun gjaldeyrissinngripa er einnig í samræmi við tillögur Seðlabankans um endurbætur rammans um verðbólgu markmiðið (sjá t.d. umfjöllun í Sérítti nr. 4: Peningastefnan eftir höft, desember 2010).

Mynd II-3

Vextir Seðlabanka Íslands og skammtíma-markaðsvextir

Daglegar tölur 3. janúar 2011 - 31. desember 2015




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-4

Raunvextir Seðlabanka Íslands¹

Janúar 2010 - desember 2015



1. Fram til maí 2014 er miðað við meðaltal innlánsvaxta og hámarksvaxta á innstæðubréfum með 28 daga binditíma sem nafnvexti bankans en frá maí 2014 er miðað við vexti 7 daga bundinna innlána. 2. Fram til janúar 2012 er miðað við 12 mánaða verðbólgu, verðbólguvæntingar fyrirtækja til eins árs, verðbólguvæntingar heimila til eins árs, verðbólguálag á fjármálamarkaði og spá Seðlabankans um ársverðbólgu eftir fjóra ársfjórðunga. Frá febrúar 2012 er einnig miðað við verðbólguvæntingar markaðsaðila til eins árs samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans.
Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

ember voru þeir hækkaðir um 0,25 prósentur til viðbótar. Í lok ársins voru meginvextir bankans, þ.e. vextir á 7 daga bundnum innlánnum, 5,75%. Með hækkingu vaxta var taumhaldi peningastefnunnar haldið svo til óbreyttu frá sama tíma síðasta árs en sé miðað við þróunina innan ársins var peningalegt aðhald aukið á seinni hluta ársins. Í lok desember voru raunvextir bankans 2,4% miðað við mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingum sem er hækking um 0,2 prósentur frá fyrra ári en miðað við ársverðbólgu héldust raunvextir óbreyttir milli ára og voru 3,7%. Rökin fyrir hækkingu vaxta á árinu voru þau að þær launahækkanir sem samið var um í kjarasamningum samrýmdust ekki verðbólguálagi bankans og að verðbólguvæntingar hefðu hækkað. Þá var einnig bent á að mikill kraftur væri í þjóðarbúskapnum, framleiðslulakinn væri horfinn og spenna tekin að myndast, sem að öðru óbreyttu myndi leiða til aukinnar verðbólgu þegar áhrif gengishækkunar krónunnar og lækkunar hráefna- og eldsneytisverðs tækju að fjara út.

Á seinni hluta ársins fór að bera á hnökrum í miðlun peningastefnunnar og skiluðu vaxtabreytingar bankans sér ekki að fullu út í aðra markaðsvexti. Þetta átti einkum við um vexti lengri óverðtryggðra ríkisbréfa sem höfðu lækkað um u.þ.b. 2 prósentur frá miðjum júní til loka október. Hugsanlegt er að áhrif væntinga um betri skuldastöðu ríkissjóðs í kjölfar birtingar áætlunar um losun gjaldeyrishafta og lægri verðbólguvæntingar hafi haft sitt að segja í þessari þróun en þó er líklegt að meginskýringin hafi verið aukin ásókn erlendra aðila í lengri ríkisbréf en frá júní nam nýfjárfesting erlendra aðila í þessum bréfum um 54 ma.kr. Þessi þróun gekk að hluta til baka í kjölfar vaxtahækkunar bankans í byrjun nóvember og voru áhrifin mest á ávöxtunarkröfu lengri óverðtryggðra skuldabréfa. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa þokaðist aftur niður á við undir lok ársins og var ávöxtunarkrafa þeirra á bilinu 5,8-5,9% í lok ársins samanborið við 4,8-6,4% í lok ársins þar á undan. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkis- og íbúðabréfa var 2,6-2,8% í árslok 2015 samanborið við 3,1-3,4% í lok ársins þar á undan.

Peningastefnunefndin ákvað í september að auka bindiskyldu úr 2% í 4% til að auðvelda Seðlabankanum stýringu lausafjár í bankakerfinu í tengslum við gjaldeyriskaup bankans, uppgjör slitabúa og væntanlegt gjaldeyrísútböð. Í desember var bindiskyldan lækkuð á ný úr 4% í 2,5% til þess að milda lausafjáráhrif afhendingar slitabúa gömlu bankanna á stöðugleikaframlögum en nefndin taldi að hækking hlutfallsins hefði haft tilætluð áhrif og stuðlað að undirbúningi fjármálastofnananna fyrir þessi uppgjör.

Ákvarðanir í peningamálum og rökstuðningur þeirra

Seðlabanki Íslands skal gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Í riti sínu, *Peningamálum*, gerir bankinn grein fyrir horfum í efnahags- og peningamálum. Ritið kemur út fjórum sinnum á ári. Ritið er einnig gefið út á ensku undir heitinu *Monetary Bulletin*.

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd bankans birti fundargerðir sínar opinberlega og geri grein fyrir

ákvörðunum sínum og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd birtir fundargerðir sínar hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun er tilkynnt, en þar kemur fram mat nefndarinnar á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum og rökstuðningur nefndarmanna fyrir atkvæðum sínum. Lögin kveða einnig svo á að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands skuli gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári.

Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir haglíkönum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stöðugt er unnið að þróun haglíkana til að meta efnahagshorfur og greina áhrif peningastefnunnar. Liður í því að auka gegnsæi er að hafa meginspálíkanið og gagnagrunn þess til reiðu á heimasíðu bankans.

Peningastefnunefnd og ákvarðanir hennar

Peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum. Stjórnþæki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvæðanir, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavarálán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

Peningastefnunefnd er skipuð Má Guðmundssyni seðlabankastjóra sem samkvæmt lögnum er formaður nefndarinnar, Arnóri Sighvatssyni aðstoðarseðlabankastjóra, Þórarni G. Péturssyni, aðalhaf- fræðingi Seðlabanka Íslands, Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands, og Katrínu Ólafsdóttur, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Vaxtaákvæðanir 2015

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd haldi fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Átta reglulegir vaxtaákvæðunarfundir voru haldnir á árinu en nefndin hélt einnig aukafund 29. janúar til að ræða mögulegar endurbætur á stjórnþækjum bankans. Jafnframt átti nefndin sameiginlegan fund með kerfisáhættunefnd 30. nóvember til að ræða efnahagsþróun, stöðu fjármálakerfisins, samspil peningastefnu og fjármálastöðugleika og tæki sem nýta mætti í því skyni að takmarka innflæði vegna vaxtamunarviðskipta. Vaxtaákvæðanir nefndarinnar voru með eftirfarandi hætti:

4. febrúar: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

18. mars: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

13. maí: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Arnór Sighvatsson, Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir studdu tillögu seðlabankastjóra en Þórarinn G. Pétursson greiddi atkvæði gegn henni og kaus heldur að hækka vexti um 0,5 prósentur.

10. júní: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,5 prósentur. Arnór Sighvatsson, Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir studdu tillögu seðlabankastjóra en Katrín Ólafsdóttir hefði heldur kosið að hækka vexti um 0,75 prósentur, en var þó þeirrar skoðunar að munurinn væri það lítil að hún gæti fallist á tillögu seðlabankastjóra. Þórarinn G. Pétursson greiddi atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og kaus heldur að hækka vexti um 1 prósentu.

19. ágúst: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,5 prósentur. Arnór Sighvatsson, Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir studdu tillögu seðlabankastjóra en Þórarinn G. Pétursson greiddi atkvæði gegn henni og kaus heldur að hækka vexti um 0,75 prósentur.

30. september: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Arnór Sighvatsson, Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir studdu tillögu seðlabankastjóra en Katrín Ólafsdóttir hefði heldur kosið að hækka vexti um 0,25 prósentur, en var þó þeirrar skoðunar að munurinn væri það lítil að hún gæti fallist á tillögu seðlabankastjóra. Þórarinn G. Pétursson greiddi atkvæði gegn henni og kaus heldur að hækka vexti um 0,25 prósentur.

Seðlabankastjóri lagði einnig til að bindiskylda yrði aukin úr 2% í 4% frá og með næsta bindiskyldutímabili sem hæfist 21. október nk. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

4. nóvember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

9. desember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Seðlabankastjóri lagði einnig til að bindiskylda yrði lækkuð úr 4% í 2,5% frá og með næsta bindiskyldutímabili sem hæfist 21. desember nk. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.



Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands eins og hún var skipuð í árslok 2015. Frá vinstri: Þórarinn G. Pétursson, Katrín Ólafsdóttir, Már Guðmundsson formaður, Arnór Sighvatsson og Gylfi Zoëga.

III Fjármálakerfi

Fjármálastöðugleiki

Eitt af lögbundnum hlutverkum Seðlabanka Íslands er að stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Heilbriggt fjármálakerfi er nauðsynleg forsenda hagstæðrar framvindu í efnahagsmálum og virkrar stefnu í peningamálum.

Meginviðfangsefni Seðlabankans á sviði fjármálastöðugleika eru greiningar á áhættu sem raskað getur stöðugleika í fjármálakerfinu og setning lausafjár- og gjaldeyrisjafnaðarreglna sem taka til lána- stofnana og eftirlit. Í þessu felst jafnframt þátttaka í stefnumótun um uppbyggingu fjármálakerfisins og mótun frekari varúðarreglna, samskipti við aðrar stofnanir, einkum Fjármálaeftirlitið og fjármála- og efnahagsráðuneyti, og þátttaka í umtalsverðu alþjóðlegu samstarfi. Í þessu skyni er leitast við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana, fjármálamarkaða, heimila og fyrirtækja.


Á undanförnum árum hefur verið lögð aukin áhersla á greiningu á stöðu heimila og fyrirtækja, fylgst með þróun eigna og skulda og þær settar í samhengi við aðrar hagstærðir. Einnig er nauðsynlegt að fylgjast með ytri stöðu þjóðarbúsins, afborgunarferli erlendra lána, fjármagnsflæði og endurfjármögnunaráhættu innlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum. Á síðastliðnu ári fór fram margvísleg vinna tengd mati á uppgjörum slitabúa gömlu viðskiptabankanna og áhrifum á lausafjárstöðu starfandi viðskiptabanka og fjármálastöðugleika, sjá nánar í kafla VII, Sérstök verkefni. Á árinu voru framkvæmd og gefin út í fyrsta sinn álagspróf fyrir stóru viðskiptabankana sem nýtast við áhættumat og gefa vísbendingar um næmi banka fyrir óhagstæðri þróun eða áföllum. Niðurstöður álagsprófanna sýndu að á heildina litið voru bankarnir nokkuð vel í stakk búnir til að takast á við áföll. Í byrjun ársins hækkaði lágmark lausafjárreglna Seðlabankans úr 0,7 í 0,8 og á árinu jókst binding innlána í erlendum gjaldmiðlum hjá fjármála- og fyrirtækjum í slitameðferð í þrepum. Í ársbyrjun féll úr gildi bráðabirgðaákvæði sem sett var á í kjölfar falls íslenska bankakerfisins haustið 2008 um undanþágur frá gjaldeyrisjafnaðarreglum Seðlabankans sem heimiluðu sérstakan jákvæðan eða neikvæðan gjaldeyrisjöfnuð. Á árinu undirbjó Seðlabankinn, í samráði við Fjármálaeftirlitið, fundi kerfisáhættunefndar og tók saman margvíslegt greiningarefni fyrir fundi hennar.

Þróun fjármálastöðugleika

Ritið *Fjármálastöðugleiki* kom út tvisvar á árinu. Ytri skilyrði fjármálakerfisins voru hagstæð. Undirliggjandi viðskiptaafgangur var töluverður og Seðlabankinn keypti umtalsvert af gjaldeyri. Þrátt fyrir það styrktist krónan töluvert. Í kjölfar hækkunar á lánsþæfismati ríkisins jókst áhugi erlendra aðila á fjárfestingu hér á landi og hrein nýfjárfesting jókst. Stærstur hluti nýfjárfestingarinnar leitaði í ríkisbréf. Velta á fasteignamarkaði jókst, raunvirði húsnæðis hækkaði og veðrými

Mynd III-1


Skuldir heimila sem hlutfall af VLF
4. ársfj. 2003 - 4. ársfj. 2015



1. Skuldir heimila með veði í íbúðarhúsnæði sem hlutfall af heildareignum heimila í fasteignum.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Mynd III-2

Tekjur stóru viðskiptabankanna¹
2014 og 2015



1. Samstæður.
Heimildir: Ársreikningar viðskiptabanka.

Mynd III-3
Raunverð íbúðarhúsnæðis¹



1. Vísitala fermetraverðs í janúar og júlí á föstu verðlagi.
Heimildir: Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

jókst. Á heildina litið batnaði hagur heimilanna, skuldir þeirra lækkuðu og vísitala kaupmáttar hækkaði. Staða fyrirtækja styrktist einnig, skuldastaða þeirra hafði batnað samfleytt í 7 ár, viðskiptakjör bötnuðu og fjölgun ferðamanna hafði jákvæð áhrif á innlenda verslun og þjónustu. Rekstur stóru viðskiptabankanna gekk vel á árinu en óreglulegir tekjuliðir vógu nokkuð þungt. Vanskil viðskiptamanna héldu áfram að lækka, lausafjárhlutföll samkvæmt lausafjárreglum Seðlabankans voru yfir lágmarkskröfum og aðgengi að fjármögnun batnaði. Í árslok nam eiginfjárgrunnur stóru viðskiptabankanna í hlutfalli af áhættugrunni 28,2%. Á fyrri hluta ársins greiddu bankarnir út um 45 ma.kr. arð vegna hagnaðar ársins 2014. Undir lok ársins lauk Seðlabankinn mati á drögum að nauðasamningum slitabúa stærstu viðskiptabankanna sem féllu árið 2008. Það var mat bankans að drögin uppfylltu kröfur laga um gjaldeyrismál um að efndir nauðasamninganna ásamt fyrirhuguðum mótvægisráðstöfunum leiddu hvorki til óstöðugleika í gengis- og peningamálum né röskuðu fjármálastöðugleika, sjá nánar í kafla VII, Sérstök verkefni.

Fjármálastöðugleikaráð og kerfisáhættunefnd

Árið 2015 var fyrsta heila starfsár fjármálastöðugleikaráðs og kerfisáhættunefndar. Fjármálastöðugleikaráð er formlegur vettvangur til samráðs, upplýsingaskipta og stefnumótunar vegna fjármálastöðugleika og kerfisáhættunefnd starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð.

Hlutverk og verkefni kerfisáhættunefndar eru að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Nefndin nýtir til þess m.a. greiningarvinnu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sem kveðið er á um í samstarfssamningi stofnanna, þ.m.t. vinnu sameiginlegra áhættumatshópa. Kerfisáhættunefnd gerir tillögur til fjármálastöðugleikaráðs í samræmi við lög og starfsreglur. Í kerfisáhættunefnd sitja fimm, þ.e. seðlabankastjóri, sem er formaður nefndarinnar, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sem er varaformaður, aðstoðarseðlabankastjóri, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins og einn sérfræðingur í málefnum fjármálamarkaðar eða hagfræði sem ráðherra skipar án tilnefningar til fimm ára í senn. Ráðuneytisstjóri eða tilnefndur embættismaður ráðuneytisins á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Umsýsla kerfisáhættunefndar er á hendi Seðlabanka Íslands sem vistar nefndina og sér um skráningu og skjölun. Á síðastliðnu ári fundaði kerfisáhættunefnd fjórum sinnum og tók saman margvíslegt efni fyrir fundi fjármálastöðugleikaráðs.

Eins og áður sagði er fjármálastöðugleikaráð formlegur samstarfsvettvangur stjórnvalda um fjármálastöðugleika. Bendi greiningar til þess að fjármálastöðugleika sé ógnað skal fjármálastöðugleikaráð gefa út tilmæli um viðeigandi aðgerðir, aðrar en beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands í peningamálum, til þar til bærra stjórnvalda. Jafnframt staðfestir fjármálastöðugleikaráð skilgreiningar á kerfislega mikilvægum eftirlitsskyldum aðilum, innviðum og mörkuðum sem eru þess eðlis að starfsemi þeirra getur haft áhrif á fjármálastöðugleika. Í fjármálastöðugleikaráði sitja fjármála- og efnahagsráðherra, og er hann formaður ráðsins, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Á síðastliðnu ári fundaði fjármálastöðugleikaráð þrisvar sinnum. Á

fundum ráðsins var m.a. farið yfir áhættu í fjármálakerfinu. Á árinu var ytra umhverfi fjármálakerfisins hagstætt, ytri jöfnuður góður, staða viðskiptabankanna ágæt, en einkisliðir voru þó ráðandi um afkomu þeirra, og fjármögnunarpörf í erlendum gjaldmiðlum á næstu árum metin hófleg. Vöxtur útlána lánakerfisins í heild var innan hóflegra marka. Viðnámsþróttur bankanna til að standast áföll var talinn góður enda eiginfjárlutföll há og lausafjárstaða yfir lágmörkum. Þó var talið að aukið ójafnvægi í þjóðarþúskapnum á næstu misserum og útlánavöxtur gætu haft neikvæð áhrif á fjármálakerfið. Jafnframt var það mat fjármálastöðugleikaráðs að ljúka þyrfti undirbúningi varúðarreglna vegna áhættu sem fylgir fjármagnshreyfingum til og frá landinu þegar hillti undir losun fjármagnshafta. Á fundi sínum 14. apríl staðfesti fjármálastöðugleikaráð áhættuvísa um útlán og eignaverð auk þess að skilgreina Arion banka hf., Landsbankann hf., Íslandsbanka hf. og Íbúðalánasjóð sem kerfislega mikilvæga eftirlitsskylda aðila. Á fundi 2. október staðfesti fjármálastöðugleikaráð að þrjú kerfi teldust kerfislega mikilvægir innviðir, þ.e. stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands, jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf.

Fjármálainnviðir

Markmið yfirsýnar með fjármálainnviðum af hálfu Seðlabanka Íslands er að stuðla að öryggi, virkni og hagkvæmni kjarnainnviða íslensks fjármálakerfis og þar með fjármálastöðugleika.


Fjármálastöðugleikaráð staðfesti í október 2015 skilgreiningar stórgreiðslukerfis Seðlabankans, jöfnunarkerfis Greiðsluveitunnar ehf. og verðbréfauppgjörskerfis Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. sem kerfislega mikilvægra innviða. Fyrirgreind þrjú kerfi njóta nú jafnframt viðurkenningar samkvæmt lögum nr. 90/1999, um öryggi fyrirmæla við greiðslukerfi og verðbréfauppgjörskerfi, með tilheyrandi réttaráhrifum (verðbréfauppgjörskerfið frá í maí).

Á árinu 2015 var lagt mat á rekstraröryggi og umgjörð stórgreiðslukerfisins gagnvart alþjóðlega viðurkenndum leiðbeiningum um bestu framkvæmd (þ.e. Kjarnareglum BIS/CPMI og IOSCO, Principles for Financial Market Infrastructures eða PFMI). Meginathugasemdir og úrbótatillögur lutu að stjórnskipulagi og verkaskiptingu, gagnsæi og áhættustýringu. Unnið hefur verið að úrbótum á grundvelli matskýrslunnar. Unnið hefur verið að sambærilegri skýrslu um jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. Þá var á árinu lagt mat á innlenda laga- og stofnanaumgjörð kerfislega mikilvægra fjármálainnviða gagnvart kröfum sérstakra tilmæla Kjarnareglanna. Matið hefur m.a. nýst við framþróun samstarfs við Fjármálaeftirlitið og því var miðlað til kerfisáhættunefndar í árslok.

Á árinu var unnið að allsherjarendurnýjun þeirra grunninnviða sem notaðir hafa verið í þágu íslensks fjármálakerfis um áratugaskeið. Þá þyrfti að taka í auknum mæli tillit til EES-gerða á árinu.

Í Fjármálainnviðariti Seðlabankans 2015 er fjallað um verkefni hans á vettvangi greiðslumiðlunar og nánari grein gerð fyrir þeim þáttum sem hér er getið ásamt margþættu hlutverki og viðfangsefnum Seðlabankans á vettvangi fjármálainnviða.

Mynd III-4
Reiðufé í umferð
2014 - 2015



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Rekstur kerfa – kerfislega mikilvægir fjármálainviðir

Rekstur millibankakerfanna, þ.e. stórgreiðslu- og jöfnunarkerfis, gekk að mestu vel á árinu 2015. Nákvæm skrá er haldin yfir öll atvik sem upp koma í rekstri millibankakerfanna en atvikin voru alls 154 á árinu. Ekkert þeirra olli algeru þjónusturofi og uppitími kerfanna var 100%. Ekkert þessara 154 atvika féll í hóp alvarlegra tilvika, en tíu atvik flokkast sem miðlungsfrávik og 144 atvik eða 93% tilheyra lægsta fráviksflokki. Brugðist var við öllum atvikum með viðeigandi hætti.

Breytingar urðu á fjölda þátttakenda í stórgreiðslukerfinu á árinu 2015. Við sameiningu MP banka hf. og Straums fjárfestingarbanka hf. undir nafninu Kvika banki hf. fækkaði þátttakendum um einn. Þátttakendur í stórgreiðslukerfinu í lok árs 2015 voru því Arion banki hf., Clearstream Banking s.a., Euroclear Bank s.a., Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf., Kvika banki hf. og Landsbankinn hf. auk Seðlabanka Íslands. Samkvæmt samningi Seðlabankans og Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. á peningalegt uppgjör vegna verðbréfavíðskipta sér stað í gegnum stórgreiðslukerfið.

Heildarveltan í stórgreiðslukerfinu 2015 jókst um rúmlega 10% miðað við árið áður og nam tæplega 16 billjónum króna í rúmlega 91 þúsund greiðslufyrirmælum sem er 2,2% aukning.

Þátttakendum í jöfnunarkerfinu fækkaði einnig um einn á árinu með sameiningu MP banka og Straums í Kviku banka hf. Beinir þátttakendur í jöfnunarkerfinu í lok árs voru því Arion banki hf., Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf., Landsbankinn hf. og Kvika banki hf. auk Seðlabanka Íslands.

Heildarveltan í jöfnunarkerfinu á árinu 2015 jókst um 4,9% frá fyrra ári og nam alls rúmlega 3 billjónum króna. Færslum fjölgaði um 1,2% frá 2014 og voru alls rétt rúmar 77 milljónir.

Undir lok árs 2014 hófst undirbúningur að endurnýjun stórgreiðslu- og jöfnunarkerfanna. Á árinu 2015 var markvisst unnið að framkvæmd þessa máls. Í desember 2015 voru send út forvalsgögn vegna nýrra millibankakerfa og skilafestur ákveðinn 3. febrúar 2016. Gert var ráð fyrir að gengið yrði til samninga síðari hluta árs 2016 við þann hugbúnaðarframleiðanda sem skorar hæst. Að öðru leyti er vísað í rit bankans *Fjármálainviðir* 2015 sem kom út í nóvember.

Reiðufé

Reiðufé í umferð utan Seðlabanka og innlánsstofnana nam 48,9 ma.kr. í lok árs 2015. Aukning á árinu 2015 nam 4,8 ma.kr. eða 11%. Samsvarandi aukning árið 2014 var 5,8%. Aukningin í fyrra var því óvenju mikil sem skýrist líklega af vexti einkaneyslu og fjölgun ferðamanna.

Ísland hefur lengi verið í hópi þeirra landa þar sem notkun reiðufjár er hvað minnst. Í árslok 2015 var reiðufé í umferð sem hlutfall af VLF um 2,2% en það var nánast óbreytt hlutfall frá 2012. Í október 2013 var 10.000 kr. seðill settur í umferð og innleiðing hans hefur gengið vel. Heildarverðmæti 10.000 kr. seðla í umferð í lok árs 2015 var 20,1 ma.kr. og á síðasta ári jókst hlutdeild hans úr 28% í 38% seðla í umferð. Á árinu 2015 barst seðlagreiningardeild Seðlabankans 9,1 milljón seðla frá bönkum og eyddi deildin 3,8 milljónum seðla.

IV Gjaldeyrisforði

Seðlabanki Íslands hefur það viðfangsefni samkvæmt lögum að varðveita gjaldeyrisforða. Með gjaldeyrisforða er Seðlabankanum gert kleift að ná settum markmiðum og sinna skyldum sínum. Gjaldeyrisforðinn dregur úr áhrifum af ytri áhættu tengdri breytingum á aðgangi að erlendu lánsfé og hann getur einnig nýst til að draga úr áhrifum sveiflna í fjármagnsstreymi til og frá landinu. Forðinn gerir bankanum kleift að aðstoða ríkissjóð við að mæta þörfum fyrir erlendan gjaldeyri. Gjaldeyrisforði skapar enn fremur þá tiltrú á mörkuðum að landið geti staðið við erlendar skuldbindingar sínar. Þá er hægt að nota gjaldeyrisforða til að styðja við peningastefnuna.

Stærð gjaldeyrisforða

Stærð gjaldeyrisforðans tekur mið af umfangi utanríkisviðskipta, fyrirkomulagi gengis- og peningamála, reglum um fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti og erlendum skuldum ríkissjóðs og þjóðarbúsins. Á hverjum tíma ræðst nauðsynleg stærð af horfum um þróun greiðslu- jafnaðar. Alþjóðlegar skuldbindingar og samstarf, svo sem við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS), kunna því til viðbótar að setja lágmarksstærð gjaldeyrisforðans skorður.

Hinn 31. desember 2015 var gjaldeyrisforði Seðlabankans 653 ma.kr. eða 5,0 milljarðar Bandaríkjadala sem samsvarar 30% af landsframleiðslu Íslands 2015 samkvæmt nýjustu áætlun Seðlabankans. Gjaldeyrisforði landsins samsvarar níu mánaða vöru- og þjónustuinnflutningi¹ og 35% af peningamagni og sparifé (M3).

Helstu hreyfingar

Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands jókst um 123 ma.kr. á árinu 2015. Hann var í lok desember 2014 um 530 ma.kr. en um 653 ma.kr. í lok árs 2015.


Það sem helst bætti í forðann á tímabilinu voru gjaldeyriskaup á millibankamarkaði sem juku forðann um 272 ma.kr. og endurheimtur Eignasafns Seðlabanka Íslands í erlendum gjaldeyri árið 2015 sem juku forðann um 22 ma.kr. Það sem helst vó á móti á tímabilinu voru uppkaup á erlendu láni ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum að andvirði 67 ma.kr., uppgreiðsla á eftirstöðvum láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að jafnvirði 42 ma.kr., uppgreiðsla á 28 ma.kr. vegna skuldabréfa í sambandi við Avens og 8 ma.kr. vegna láns frá Póllandi.

Varðveisla gjaldeyrisforða

Um gjaldeyrisforða gilda starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforða sem seðlabankastjóri setur og bankaráð staðfestir. Í reglunum eru sett ytri mörk ásættanlegrar fjárhagslegrar áhættu bankans vegna gjaldeyrisforða.² Í þeim er einnig kveðið á um ábyrgð og verkaskiptingu um varðveislu gjaldeyrisforðans og tilgreindar þær meginreglur sem


1. M.v. meðaltal fimm ára mánaðarlegs innflutnings vöru og þjónustu.
2. Nánar er fjallað um stýringu fjárhagslegrar áhættu bankans í skýringum með samstæðu-reikningi.

Mynd IV-1
Gjaldeyrisforði
Janúar 2008 - desember 2015




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd IV-2
Greiðsluáætlun erlendra skulda ríkissjóðs og Seðlabankans
Staða í lok desember 2015



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Mynd IV-3
Dreifing á eignum gjaldeyrisforða eftir heimalandi útgefenda/mótaðila



Heimild: Bloomberg AIM.

Mynd IV-4


Lánshæfismat eigna í gjaldeyrisforða



Heimild: Bloomberg AIM.

Mynd IV-5


Gjaldmiðlaskipting gjaldeyrisjafnaðar



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd IV-6

Gjaldmiðlaskipting gjaldeyrisforða



Heimild: Bloomberg AIM.

gilda um mat fjárhagslegrar áhættu, mælingu, greiningu og stýringu hennar. Fjárfestingarnefnd Seðlabankans markar megin stefnu um stýringu gjaldeyrisforðans með setningu fjárfestingarstefnu innan ramma starfsreglna gjaldeyrisforðans. Í fjárfestingarnefnd sitja seðlabankastjóri, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, aðstoðarseðlabankastjóri, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta og fjárstýringar, aðalhafgfræðingur og forstöðumaður fjárstýringar.

Stærð forðans og kröfur um hversu mikill hluti hans skuli laus til ráðstöfunar á hverjum tíma setja stýringu gjaldeyrisforðans skorður. Brýnt er að eignir í gjaldeyrisforða séu traustar og nægilega seljanlegar til að Seðlabankinn geti beitt þeim til að ná markmiðum sínum og sinna hlutverki sínu. Það kann að draga úr möguleikum bankans til að sækjast eftir bestu ávöxtun á hverjum tíma. Stýring gjaldeyrisforða miðar að því að lágmarka áhættuleiðréttan kostnað Seðlabankans af forðahaldi og stuðla að skilvirkri og hagkvæmri stýringu á efnahagsreikningi bankans.

Gjaldmiðlaskiptingu forða er hagað þannig að eignir skulu vera í sömu gjaldmiðlum og sömu fjárhæðum og skuldbindingar bankans í erlendum gjaldmiðlum eftir því sem frekast er kostur. Gjalddeyrisjöfnuði³ er svo haldið í ákveðnum gjaldmiðlum innan þeirra marka sem gefin eru í fjárfestingarstefnu vegna gjaldeyrisforðans. Bankinn notar meðal annars afleiður við stýringu gjaldeyrisjafnaðar.

Gjalddeyrisforðinn er að stórum hluta ávaxtaður í erlendum verðbréfum en í árslok 2015 var hlutfall verðbréfa 75% af forða sem er nokkru lægra en verið hefur. Ávöxtun skuldabréfasafnsins nam 0,20% sem var 0,44% undir viðmiði. Eftir mitt árið var mikið innflæði til Seðlabankans vegna kaupa á gjaldeyrismarkaði og tengt uppgjörum við slitastjórnir gömlu bankanna. Innflæðinu var haldið á reikningum erlendra seðlabanka vegna vænts útlæðis snemma á árinu 2016 í tengslum við uppgjör við slitastjórnir gömlu bankanna og fyrirhugaðs útboðs Seðlabankans vegna haftaafnáms. Heildarinnstæður námu 20% af forða í lok desember 2015 eða 130 ma.kr. Þar af voru 97% innstæðna í forða geymdar hjá seðlabönkum eða hjá Alþjóðagreiðslubankanum og 3% hjá erlendum viðskiptabönkum.

Samkvæmt starfsreglum um gjaldeyrisforða teljast mjög seljanlegar eignir ríkisskuldabréf í eigin gjaldmiðli ríkis í Bandaríkjadöllum, evrum og sterlingspundum, innstæður hjá seðlabönkum útgáfulanda þessara gjaldmiðla eða Alþjóðagreiðslubankanum. Útgefandi evruskuldabréfa þarf að minnsta kosti að hafa lánshæfiseinkunnina AA til að flokkast undir mjög seljanlegar eignir. Mjög seljanlegar eignir voru 54% af gjaldeyrisforða Seðlabankans í lok árs 2015.

Á myndum IV-4, 5 og 6 má sjá skiptingu gjaldeyrisforðans í lok árs 2015 eftir lánshæfismati og gjaldmiðlum.


3. Gjalddeyrisjöfnuður er hrein gjalddeyriseign bankans, þ.e. eignir að fráðregnum skuldum í erlendum gjaldmiðlum.

Tafla IV-1 Ávöxtun skuldabréfa í gjaldeyrisforða árið 2015

	EUR	USD	
Stærð skuldabréfasafns í gjaldeyri í árslok (m. USD)	1.587	2.144	
Skipting skuldabréfasafns í %	38	53	
Ávöxtun skuldabréfa á árinu %	-0,26	0,51	
þar af vaxtaferill % (e. curve)	-0,48	-0,87	
þar af vaxtaálag, vaxtaálagsbreytingar og afgangsstærð	0,26	0,48	
þar af vaxtatekjur % (e. carry)	-0,04	0,9	
<i>Ávöxtun með tilliti til viðmiðs</i>			
Ávöxtun umfram viðmið 2015, %	-0,41	-0,66	
þar af vaxtaferill % (e. curve)	-0,69	-0,32	
þar af vaxtaálag, vaxtaálagsbreytingar og afgangsstærð	0,22	-0,08	
þar af vaxtatekjur % (e. carry)	0,05	-0,27	
	<i>Skuldabréfasafn</i>	<i>Viðmið</i>	<i>Mismunur</i>
Ávöxtun skuldabréfasafns SÍ og ávöxtun viðmiðs, %	0,2	0,65	-0,44

Mynd IV-7

Efnahagur Seðlabanka Íslands



- Eignir og skuldir í erlendum gjaldeyri
- Eignir og skuldir í krónum
- ESÍ
- Aðrar eignir og skuldir
- Seðlar og mynt
- Eigið fé

Heimild: Seðlabanki Íslands.





Kerfisáhættunefnd eins og hún var skipuð í árslok 2015. Talið frá vinstri: Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti (tilnefndur embættismaður ráðuneytisins, með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar), Már Guðmundsson seðlabankastjóri, formaður nefndarinnar, Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur, skipaður af ráðherra án tilnefningar, og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðla-
bankastjóri.

V Lánamál ríkissjóðs

Samningur um lánamál ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands sér um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaupa og innlausnar ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og umsjón með verðbréfalánum til aðalmiðlara samkvæmt sérstökum samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið frá 18. október 2010. Bankinn annast áhættu- og lánsfjárfestingu eftir viðmiðum sem ráðuneytið setur um stýringu á lánasafni ríkissjóðs og sinnir upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs til markaðsaðila og ráðuneytisins. Í samningnum er kveðið svo á að bankinn annast samskipti og miðlun upplýsinga um íslensk efnahagsmál til erlendra matsfyrirtækja og lánastofnana og sinni verkum er snúa að ríkisábyrgðum og endurlánum, t.d. umsýslu ríkisábyrgða og mati á áhættu ríkissjóðs vegna þeirra. Hann veitir ráðuneytinu umsagnir vegna ríkisábyrgða, sér um afgreiðslu ábyrgða samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins og innheimtir áhættugjald vegna þeirra. Þá sér bankinn um útgáfu skuldbréfa vegna endurlána ríkissjóðs.

Innlend lánamál

Í lok desember 2014 birti Seðlabankinn fyrir hönd ríkissjóðs ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs fyrir árið 2015. Samkvæmt henni var stefnt að því að gefa út ríkisbréf fyrir samtals 55 ma.kr. að söluvirði á árinu til að mæta lánum sem féllu í gjalddaga. Það markmið náðist, en útgefið var fyrir 54,5 ma.kr. í almennum útboðum og 0,5 ma.kr. í tengslum við gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands.


Á árinu 2015 kom til innlausnar ríkisbréfaflokkurinn RIKB 15 0408 að fjárhæð 23 ma.kr. Flokkurinn var upphaflega gefinn út sem tveggja ára flokkur og var nýr tveggja ára flokkur, RIKB 17 0206, gefinn út í staðinn.

Árið 2015 reyndist sveiflukennt á innlendum skuldabréfamarkaði. Framan af ári fór ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa hækkandi, í kjölfar mikils söluþrýstings sem myndaðist vegna óvissu við gerð kjarasamninga. Viðsnúningur varð síðan á ávöxtunarkröfu ríkisbréfa á seinni hluta ársins sem rekja má til tilkynningar ríkisstjórnar um aðgerðaáætlun til losunar fjármagnshafna. Í kjölfar tilkynningarinnar hækkuðu matsfyrirtækin Moody's, Fitch og Standard & Poor's láns-hæfismat ríkissjóðs. Hækkun láns-hæfismatsins skapaði mikinn kaupáhuga erlendra fjárfesta á löngum, óverðtryggðum ríkisbréfum en hingað til hefur áhugi þeirra beinst að skammtímaríkisbréfum. Bjartari horfur um innlenda hagþróun, ásamt því að vaxtamunur á Íslandi er nú meiri en í helstu viðskiptalöndum landsins, jók þannig eftirspurn erlendra aðila eftir ríkisbréfum.

Útgáfa ríkisvixla gekk vel á árinu. Þannig nam staða þeirra í lok árs 29 ma.kr. en ársáætlun gerði ráð fyrir lokastöðu sem næmi 30 ma.kr.


Í byrjun mars tilkynnti Seðlabankinn um breytingu á undanþágulistum vegna gjaldeyrismála sem fólst í því að fækka flokkum fjármálagerninga sem voru undanþegnir takmörkunum laga um gjaldeyrismál og voru þá á undanþágulistunum eingöngu ríkisvixlar og eitt

Mynd V-1
Skipting lánasafns ríkissjóðs
Í lok árs 2015



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Mynd V-2
Óverðtryggt ríkisbréf styttri en 5 ár



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Mynd V-3

Óverðtrygð ríkisbréf lengri en 5 ár




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-4

Nettókaup markaðsaðila 2015¹1. Markflokkar og ríkisvixlar.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-5

Endurgreiðsluferill lána ríkissjóðs



Heimild: Seðlabanki Íslands.

ríkisbréf, RIKB 15 0408. Sú tilkynning leiddi strax til aukinnar ásóknar erlendra aðila í ríkisvixla en þeir höfðu ekki átt eign í ríkisvixlum síðan í nóvember 2013. Eftirspurn þeirra eftir ríkisvixlum jókst jafnt og þétt út árið og voru þeir í árslok stærstu eigendur ríkisvixla með 69% eignarhlut.

Stefna í lánamálum ríkisins 2015-2018 var birt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu um mitt árið. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárförf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal stuðlað að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Erlend lánamál

Í árslok 2015 námu erlendar skuldir ríkissjóðs 307 ma.kr. og lækkuðu þær um rúma 109 ma.kr. á árinu. Sú lækkun er að mestu vegna uppkaupta ríkissjóðs á skuldabréfi í Bandaríkjadöllum á gjalddaga 16. júní 2016 fyrir 500 milljónir Bandaríkjadala sem og vegna uppgreiðslu lána. Þannig voru eftirstöðvar Avens-skuldabréfsins, að fjárhæð 192 milljónir evra, greiddar upp á árinu auk þess sem ríkissjóður greiddi upp fyrir gjalddaga lán frá Póllandi að andvirði 204 milljónir slota. Bæði lánin voru tekin í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda eftir fall fjármálakerfisins. Avens-skuldabréfið var tilkomið vegna kaupa ríkissjóðs á eignavörðum skuldabréfum Avens B.V., sem var félag í eigu gamla Landsbankans, og var með lokagjalddaga árið 2025. Lánið frá Póllandi var á gjalddaga á árunum 2015-2022 en endurgreiðslan á láninu markaði tímamót þar sem með henni lauk uppgjöri á þeirri aðstoð sem Ísland fékk frá vinabjóðum í formi lána í fjármálakreppunni.

Tafla V-1 Heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2015

M.kr.	Nafnverð m/áföllnum verðbótum
Óverðtryggðar skuldir	794.472
Verðtryggðar skuldir	232.307
Erlendar skuldir	306.910
Samtals	1.333.689

Ríkisábyrgðir og endurlán

Ríkissjóður má ekki takast á hendur ríkisábyrgð nema heimild sé veitt til þess í lögum, samanber lög nr. 121/1997. Vegna áhættu ríkissjóðs skulu teknar fullnægjandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs en hann hefur umsjón með veittum ríkisábyrgðum og skal einnig fylgjast með rekstri þeirra aðila sem fengið hafa ríkisábyrgð og halda skrá yfir skuldbindingar sem ábyrgðin hvílir á. Stærstur hluti ríkisábyrgða er til kominn vegna eignaraðildar ríkissjóðs að Íbúðalánasjóði og Landsvirkjun. Aðilum sem njóta ríkisábyrgðar vegna eignaraðildar ríkissjóðs er skylt að fá samþykki Seðlabanka Íslands á lánskjörum og skilmálum lána sem þeir hyggjast taka erlendis. Ríkisábyrgðir í árslok 2015 námu 1.129 ma.kr. en voru 1.213 ma.kr. í árslok 2014.

Alþjóðlegt mat á lánsþæfi ríkissjóðs

Helstu matsfyrirtækin sem meta lánsþæfi ríkissjóðs eru alþjóðlegu fyrirtækin Moody's Investors Service, Fitch Ratings og Standard & Poor's. Seðlabankinn annast regluleg samskipti við fyrirtækin fyrir hönd ríkissjóðs. Lánsþæfismat hefur áhrif á lánskjör á alþjóðlegum lánamarkaði og er vísending um þau vaxtakjör sem bjóðast lántakanda. Allar lánsþæfiseinkunnir ríkissjóðs teljast til fjárfestingarflokks.


Á árinu 2015 hækkuðu öll matsfyrirtækin lánsþæfismat ríkissjóðs. Moody's reið á vaðið 29. júní með hækkingu einkunnar fyrir erlendar langtímaskuldbindingar í Baa2 úr Baa3 með stöðugum horfum. Hækkunin var rökstudd með því að vandlega undirbúnað aðgerðir til að losa fjármagnshöft hafi verið tilkynntar, skuldastaða ríkissjóðs myndi væntanlega batna á næstu þremur til fjórum árum og bætt umgjörð þjóðhags- og eindarvarúðarreglna stuðlaði að meiri fjármálastöðugleika í framtíðinni. Jafnframt hækkaði Moody's lands-einkunn fyrir erlendar skuldir til langs tíma og skamms tíma og innstæður í Baa2/P-2 úr Baa3/P-3 og landseinkunnina fyrir skuldir og innstæður í innlendum gjaldmiðli í Baa1 úr Baa2.

Standard & Poor's hækkaði einkunn ríkissjóðs 17. júlí úr BBB- í BBB fyrir langtímaskuldbindingar og einkunnina til skamms tíma úr A-3 í A-2. Horfur voru metnar stöðugar. Standard & Poor's vísar einnig í trúverðuga aðgerðaáætlun stjórnvalda til losunar fjármagnshafta sem m.a. bæti skuldastöðu Ríkissjóðs Íslands að því gefnu að andvirði tekna sem falla til ríkisins verði notað til að greiða niður ríkisskuldir.

Loks hækkaði Fitch hinn 24. júlí lánsþæfismat Ríkissjóðs Íslands fyrir langtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðli í BBB+ frá BBB með stöðugum horfum og lánsþæfismatið fyrir langtímaskuldbindingar í innlendum gjaldmiðli í A- frá BBB+. Einnig var lánsþæfismat fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðli hækkað í F2 frá F3 og landseinkunn (e. Country Ceiling) í BBB+ frá BBB. Hækkunin var talin endurspeglar væntingar fyrirtækisins til framkvæmdar á áætlun stjórnvalda.

Mynd V-6


Þróun skulda ríkissjóðs 2008-2015



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-7

Skuldir ríkissjóðs og ríkisábyrgðir 2006-2015



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.





VI Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands annast samskipti og viðskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu eða eftir því sem honum er falið með lögum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands fer með fjárhagsleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) fyrir hönd íslenska ríkisins. Í mars var reglubundin umræða í framkvæmdastjórn AGS um stöðu og horfur þjóðarbúskapar á Íslandi í samræmi við fjórðu grein stofnsáttmála AGS (e. Article IV Consultation). Jafnframt var fjallað um málefni er varða fimmtu eftirfylgniskýrslu um efnahagsáætlun AGS og stjórnvalda sem lauk í ágúst 2011 (e. Post-Program Monitoring Discussions). Sendinefnd sjóðsins gerði skýrslurnar eftir heimsókn í desember 2014. Sendinefnd frá AGS var aftur á ferðinni 7.-20. maí vegna sjöttu og síðustu eftirfylgniskýrslunnar sem rædd var í framkvæmdastjórn AGS 24. júní. Í október var ákveðið að greiða upp eftirstöðvar láns frá AGS sem tekið var vegna efnahagsáætlunar stjórnvalda og sjóðsins eftir fjármálakreppuna. Fjárhæð lánsins var um 250 ma.kr. en eftirstöðvarnar með gjalddaga 2015 og 2016 námu 42 ma.kr. Allar skýrslur í tengslum við reglubundið eftirlit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru birtar á heimasíðum Seðlabanka Íslands og sjóðsins.

Ísland starfar með Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórn sjóðsins á árinu 2015 var Norðmaðurinn Audun Grøn. Skrifstofa kjördæmisins birtir tvisvar á ári samantekt um þau málefni sem hæst ber í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar, auk afstöðu kjördæmisins til þeirra.

Fulltrúar Seðlabankans sóttu vorfund AGS sem haldinn var í Washington D.C. 16.-19. apríl og ársfund sjóðsins og fjárhagsnefndar hans (e. IMFC) sem haldinn var að hausti í Líma í Perú. Már Guðmundsson sem er fulltrúi Íslands í sjóðráði AGS flutti ársfundarræðu fyrir hönd kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Íslensk stjórnvöld fengu tæknilega aðstoð frá AGS á árinu 2015 vegna vinnu við endurskipulagningu á tekjuskatti.

Alþjóðagreiðslubankinn í Basel

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (e. Bank for International Settlements). Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka og er upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði peningamála og fjármálastöðugleika. Auk þess veitir bankinn seðlabönkum ýmiss konar bankaþjónustu. Seðlabankastjóri sótti á árinu reglulega fundi seðlabankastjóra sem haldnir eru á vegum Alþjóðagreiðslubankans.

Efnahags- og framfarastofnunin

Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Sérfræðingar OECD koma auk þess reglulega til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum.

Samstarf við seðlabanka og fjármálaeftirlit

Seðlabanki Íslands á margvíslegt og reglubundið samstarf við aðra seðlabanka á Norðurlöndum og víða í Evrópu. Seðlabankastjóri situr reglulega fundi með seðlabankastjórum og yfirmönnum stofnana sem annast fjármálaeftirlit á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum. Enn fremur tekur Seðlabankinn þátt í samstarfi um fjármálastöðugleika á vegum Financial Stability Board (FSB) en það er helsti samræmingarvettvangur á sviði fjármálastöðugleika í heiminum. Þá sækir fulltrúi bankans fundi EBA (e. European Banking Authority).

Aðrar fjármálastofnanir

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lána- málum ríkissjóðs og önnur viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir.



VII Sérstök verkefni

Gjaldeyriseftirlit

Seðlabanki Íslands sinnir eftirliti samkvæmt lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Starfsemin felst í að leiðbeina og upplýsa einstaklinga og lögaðila, afgreiða umsóknir um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál, sinna almennu eftirliti samkvæmt lögum um gjaldeyrismál og frumgreiningu og rannsóknum á meintum brotum á lögum og reglum um gjaldeyrismál. Þá fæst Seðlabankinn við verkefni tengd losun fjármagnshafta. Jafnframt hefur Seðlabankinn sinnt ýmsum verkefnum vegna erlendar nýfjárfestingar, eftirliti í tengslum við fjárfestingarleið Seðlabankans og eftirfylgni við skilyrtar undanþágur.

Á vormánuðum 2015 fór mikil vinna í lagabreytingar og afgreiðslu stórra undanþágubeiðna í tengslum við nauðasamninga fallinna viðskiptabanka og sparisjóða. Á árinu 2015 bárust Seðlabankanum 1.080 umsóknir um undanþágu frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Á árinu var lokið afgreiðslu á 1.040 umsóknum, þar af var 741 samþykkt, 23 samþykktar að hluta, 93 hafnað og 183 lokið með öðrum hætti, þær afturkallaðar eða lokið með leiðbeiningum. Á árinu 2015 bárust Seðlabankanum 399 tilkynningar um nýfjárfestingu, sbr. 13. gr. m. laga um gjaldeyrismál, og var heildarfjárhæð þeirra 77,2 ma.kr. Þá bárust Seðlabankanum 211 beiðnir um staðfestingu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga á milli landa, á grundvelli laga og reglna um gjaldeyrismál. Á árinu 2015 var 51 nýtt mál skráð vegna meintra brota á lögum og reglum um gjaldeyrismál. Á árinu 2015 lauk 50 rannsóknarmálum á stjórnýslustigi með sátt, stjórnvaldssekt eða niðurfellingu.

Gjaldeyrisútboð

Ríkisverðbréfa- og fjárfestingarleið


Í febrúar 2015 voru haldin síðustu gjaldeyrisútboðin samkvæmt fjárfestingarleið og ríkisverðbréfaleið þar sem Seðlabankinn var kaupandi að erlendum gjaldeyri í skiptum fyrir íslenskar krónur til langtímafjárfestingar hér á landi. Útboðin voru liður í áætlun um losun fjármagnshafta sem kynnt var á árinu 2011. Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu niðurstöður útboðanna:

Tafla VII-1 Kaup á erlendum gjaldeyri

Lykiltölur	Alls 2015	Ríkisverðbréfaleið	Fjárfestingarleið
Fjöldi útboða	2	1	1
Fjöldi tilboða	130	38	92
Heildarfjárhæð tilboða í milljónum evra	62,4	3,9	58,5
Tekin tilboð í milljónum evra	60,7	2,5	58,2

Í útboðunum var tilboðum að fjárhæð 60,7 milljónir evra tekið. Seld voru ríkisverðbréf að fjárhæð 2,5 milljónir evra og tekið var tilboðum í útboði fjárfestingarleiðar að fjárhæð 58,2 milljónir evra. Fjárfesting á grundvelli fjárfestingarleiðar skiptist með eftirfarandi hætti: Hluta-

Mynd VII-1
Gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands
Kaup á krónum fyrir evrur



Heimild: Seðlabanki Íslands.

bréf 17,4 milljónir evra, skuldabréf 33,3 milljónir evra og fasteignir 7,5 milljónir evra. Samkvæmt skilmálum fjárfestingarleiðar seldu fjárfestar jafnháa fjárhæð gjaldeyris og þeir fengu samþykkt í útboðinu að auki hjá viðskiptabanka. Heildarinnflæði erlends gjaldeyris til fjárfestingarinnar var því tvöföld sú fjárhæð sem að ofan greinir í fjárfestingarleiðinni.

Kaup á krónum fyrir evrur

Samhliða fyrrgreindum útboðum kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu tölur varðandi krónukaupaútboðið:

Tafla VII-2 Kaup á krónum

Lykiltölur	2015
Fjöldi útboða	1
Fjöldi tilboða	81
Heildarfjárhæð tilboða í ma.kr.	57,9
Tekin tilboð í ma.kr.	11,8

Útboð sem að ofan greinir runnu sitt skeið á síðasta ári. Útboð samkvæmt ríkisverðbréfaeiðinni hófust sumarið 2011 en í febrúar 2012 var fyrsta útboðið haldið samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Alls hafa 23 útboð verið haldin samkvæmt ríkisverðbréfaeiðinni en 21 samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Fjárfestar hafa alls komið til landsins með um 262 ma.kr. eða um 12% af landsframleiðslu ársins 2015. Samsvarandi hafa 22 útboð verið haldin þar sem kallað var eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja krónueignir sínar í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri sem var undanþeginn skilaskyldu og hefur Seðlabankinn keypt tæplega 158 ma.kr. Með gjaldeyrisútboðunum hefur tekist að færa skammtímakrónueignir úr eigu erlendra aðila í hendur langtímafjárfesta. Sem hlutfall af landsframleiðslu hefur staða skammtímakrónueigna erlendra aðila lækkað úr 25% af landsframleiðslu í árslok 2011 í tæplega 14% af landsframleiðslu í árslok 2015.

Mikilvæg skref að losun fjármagnshafta á árinu

Alþingi samþykkti breytingar á lögum um gjaldeyrisráðgjafi sem heimiluðu beitingu tímabundinna takmarkana á gjaldeyrisviðskiptum í nóvember 2008 og settar voru nýjar reglur Seðlabankans um gjaldeyrisráðgjafi þar sem hömlur voru settar á fjármagnsflutninga á milli Íslands og annarra landa. Frá þeim tíma hafa íslensk stjórnvöld stefnt að losun hafta um leið og viðunandi greiðslujafnaðarforsendur eru til staðar. Á árinu 2015 var mikilvægum áfanga náð þegar kynnt var uppfærð áætlun um losun hafta og búum fallinna viðskiptabanka og sparisjóða var veitt undanþága frá fjármagnshöftum í ljósi þess að þau uppfylltu stöðugleikaskilyrði stjórnvalda.

Skref til losunar fjármagnshafta

Í ágúst 2009 var lögð fram fyrsta áætlunin um losun hafta en önnur áætlun stjórnvalda leit dagsins ljós í mars 2011. Fyrsta skref til losunar fjármagnshafta var tekið í október 2009 í tengslum við svokallaða

nýfjárfestingu á Íslandi. Með áætluninni 2011 hófust útboð Seðlabankans og var markmið þeirra að grynka á aflandskrónum, sem eru verðmæti í innlendum gjaldeyri í eigu eða vörslu erlendra aðila, eða ávísun á slík verðmæti, sem lutu sérstökum takmörkunum samkvæmt reglum um gjaldeyrismál. Með útboðunum og öðrum aðgerðum náðist að lækka stöðu aflandskróna sem hlutfall af landsframleiðslu um helming. Síðasta útboð Seðlabankans var haldið í febrúar 2015.

Hinn 12. mars 2012 var lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, breytt með það að markmiði að takmarka útgreiðslur úr innlendum slitabúum fallinna viðskiptabanka og sparisjóða. Stjórnvöldum var veitt heimild til að veita undanþágu frá takmörkunum laganna eftir að gengið hefði verið úr skugga um að stöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármálalegum stöðugleika yrði ekki raskað vegna slita á búunum. Í mars 2015 var heimild aflandskrónaeigenda til fjárfestingar þrengd á grundvelli reglna Seðlabankans.

Helstu þættir greiðslujafnaðarvandans

Allt frá því að viðskiptabankarnir féllu hefur Ísland átt við greiðslujafnaðarvanda að stríða. Hann kemur fram í því að hagkerfið stendur ekki undir mögulegu fjármagnsústreymi, þar sem skipta þarf krónum í erlendan gjaldeyri á mjög skömmum tíma án þess að það komi fram í verulegri veingju á gengi krónunnar eða lækkingu á gjaldeyrisforða.

Talsvert hefur verið lagt í greiningarvinnu en greiðslujafnaðarvandinn hefur í meginráttum verið talinn þríþættur: Í fyrsta lagi fjármagnsústreymi vegna krónaeigna við uppgjör slitabúa en um 95% krafna voru í eigu erlendra aðila. Þessi vandi hefur nú verið leystur með nauðasamningum slitabúanna. Í öðru lagi fjármagnsústreymi vegna sölu mögulega kvikra krónaeigna erlendra aðila, þ.e. svokallaðra aflandskróna. Í þriðja lagi uppsöfnuð fjárfestingarþörf innlendra aðila í erlendum eignum. Samanlagt er talið að útfærði vegna slitabúa og aflandskróna geti numið allt að 40% af vergri landsframleiðslu.

Áætlun stjórnvalda um losun hafta uppfærð í júní 2015

Á árinu 2014 voru innlendir og erlendir sérfræðingar fengnir til að vinna með stjórnvöldum að losun fjármagnshafta. Á grundvelli vinnu þeirra og sérstaks framkvæmdahóps kynntu stjórnvöld 8. júní 2015 aðgerðaáætlun sem ætlað var að takast á við þann vanda sem stafaði af uppgjöri slitabúanna. Í aðgerðaáætluninni kom fram að forsenda þess að uppgjör búa fallinna viðskiptabanka og sparisjóða ylli ekki óstöðugleika væri að gripið yrði til ráðstafana til mótvægis þeim neikvæðu áhrifum sem stöfuðu af útgreiðslum innlendra eigna til erlendra kröfuhafa.


Fram kom í áætlun stjórnvalda að slitabúunum yrðu sett ófrávikjanleg stöðugleikaskilyrði og á grundvelli þeirra yrði hægt að velja um tvær leiðir, stöðugleikaskatt eða stöðugleikaframlag, sem myndu draga úr neikvæðum áhrifum útgreiðslna úr slitabúum á greiðslujöfnuð.

Stöðugleikaskilyrðin

Í samræmi við framangreint voru eftirfarandi stöðugleikaskilyrði endanlega samþykkt af stýrinfund um losun fjármagnshafta hinn 7. júní 2015 og birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands degi síðar:

Mynd VII-2

Skipting fjárfestingar í gegnum útboð samkvæmt fjárfestingarleið 2015



Heimild: Seðlabanki Íslands.

1. Að gerðar yrðu ráðstafanir sem drægu nægilega úr neikvæðum áhrifum af útgreiðslum andvirðis eigna í íslenskum krónum (stöðugleikaframlag),
2. að öðrum innlendum eignum fallinna fjármálafyrirtækja í erlendum gjaldeyri yrði breytt í langtímafjármögnun að því marki sem þörf krefði (lengingar), og
3. að tryggt yrði, í þeim tilvikum þar sem það ætti við, að lánaufyrirgreiðsla stjórnvalda í erlendum gjaldeyri sem veitt var nýju bönkunum í kjölfar áfallsins á fjármálamarkaði yrði endurgreidd (endurgreiðslur).

Stöðugleikaskattur

Hinn 3. júlí 2015 samþykkti Alþingi frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um stöðugleikaskatt. Einkiptisskattur var lögfestur í því skyni að skapa forsendur fyrir losun fjármagnshafta. Markmið laganna var að stuðla að losun fjármagnshafta með efnahagslegan stöðugleika og almannahag að leiðarljósi. Skattlagningu var ætlað að mæta neikvæðum áhrifum í tengslum við uppgjör og efndir skattskyldra aðila í kjölfar slitameðferðar þeirra. Eining var um afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi og var það samþykkt samhljóða.

Slitabúin óska eftir undanþágu

Í kjölfarið óskuðu sjö slitabú fallinna viðskiptabanka og sparisjóða eftir því við Seðlabanka Íslands að þeim yrðu veittar undanþágur frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, vegna fyrirhugaðra nauðasamninga við kröfuhafa sína og loka slitameðferðar félaganna, sbr. 103. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Þá var frá upphafi ljóst að undanþágur til handa Glitni hf., Kaupþingi hf. og LBI hf. yrðu einungis veittar í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra, að undangenginni kynningu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, í samræmi við áskilnað 2. mgr. 13. gr. o. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Stöðugleikaskilyrði uppfyllt

Undanþágubeiðnir slitabúanna til Seðlabanka Íslands fólu í sér tillögur að tilteknum aðgerðum sem félögin hygðust framkvæma í þeim tilgangi að uppfylla framangreind stöðugleikaskilyrði. Þá greindi Seðlabankinn áhrif slita félaganna á stöðugleika í gengis- og peningamálum annars vegar og á fjármálalegan stöðugleika hins vegar á grundvelli tillagna þeirra að lokum slitameðferðar með vísan til stöðugleikaskilyrða. Var það mat bankans að fyrirbyggjandi drög uppfylltu kröfur laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, um að efndir nauðasamninganna ásamt fyrirhuguðum mótvægisráðstöfunum myndu hvorki leiða til óstöðugleika í gengis- og peningamálum né raska fjármálastöðugleika. Forsendur væru því fyrir því að veita félögunum og kröfuhöfum þeirra nauðsynlegar undanþágur frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Tillögur slitabúanna höfðu að geyma margvíslegar mótvægisráðstafanir sem gerði líkur á fjármagnshreyfingum sem valdið gætu óstöðugleika hverfandi. Þessar ráðstafanir fólust í afhendingu stöðugleikaframlags sem m.a. veitti tryggingu fyrir því að eignir sem metnar væru lágt á efnahagsreikningum búa föllnu bankanna yllu

ekki greiðslujafnaðarvanda reyndust þær verðmætari en áætlað var. Þær eignir sem framselja átti beint til stjórnvalda eða síðar á grundvelli sérstakra fjársópsákvæða í tengslum við stöðugleikaframlag voru m.a. útlán, hlutafé, kröfuréttindi, skuldabréf, afleiðukröfur, skattakröfur, kröfur á grundvelli skaðabóta- eða riftunarmála og fullnustueignir, s.s. fasteignir. Þá fólust ráðstafanirnar jafnframt í umbreytingu gjaldeyrisinnstæðna í starfandi fjármálafyrirtækjum í lengri lán og uppgreiðslu lána sem ríki og Seðlabanki Íslands höfðu veitt Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. við stofnun þeirra. Þá fólu ráðstafanirnar einnig í sér að hluta af krónueignum búanna yrði ráðstafað í skatta, kostnað og varasjóði og hefðu þær því ekki að geyma neikvæð greiðslujafnaðaráhrif. Þá var það ákvörðun stjórnvalda að gjaldeyrisendurheimtur Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ) vegna uppgjöra búanna skyldu jafnframt mynda mótvægi við neikvæð greiðslujafnaðaráhrif vegna uppgjörins. Til viðbótar var ljóst að framsal á eignarhlut Glitnis hf. í Íslandsbanka hf. til ríkisins myndi draga verulega úr greiðslujafnaðaráhættu við söluferli Íslandsbanka hf.

Undanþágur veittar

Að undangengnu samráði við fjármála- og efnahagsráðherra, að því er varðaði Glitni hf., Kaupþing hf. og LBI hf., veitti Seðlabankinn þeim vilyrði fyrir tilteknum undanþágum frá lögum nr. 87/1992, um gjaldreyrismál, í tengslum við fyrirhugaða nauðasamninga félaganna, að uppfylltum stöðugleikaskilyrðum. Einnig var öðrum slitabúum veitt vilyrði fyrir undanþágum. Þá gaf Seðlabankinn jafnframt út vottorð til slitabúanna þess efnis að það væri mat Seðlabankans að frumvarp að nauðasamningi slitabúanna myndi hvorki valda óstöðugleika í gengis- og peningamálum né raska fjármálastöðugleika, sbr. 4. mgr. 103. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í framhaldinu voru haldnir kröfuhafafundir í slitabúunum þar sem frumvörp að nauðasamningum félaganna voru samþykkt og lögðu slitastjórnir félaganna í kjölfarið fram skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamninga félaganna fyrir héraðsdómara, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti. Voru þeir staðfestir með úrskurðum héraðsdóms. Í ljósi þess að málskot átti sér ekki stað í neinum tilvikum innan lögbundins frests töldust allir nauðasamningar félaganna komnir á, sbr. 59. og 60. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti.

Að höfðu lögbundnu samráði við fjármála- og efnahagsráðherra á grundvelli 2. mgr. 13. gr. o. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrisráðgjafi, auk undangenginnar kynningar fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis á efnahagslegum áhrifum af veitingu undanþágna til Glitnis hf., Kaupþings hf. og LBI hf., voru veittar nauðsynlegar undanþágur vegna nauðasamninga félaganna við kröfuhafa sína og loka slitameðferðar félaganna, að því gefnu að skilyrði sem Seðlabankinn setti fyrir undanþágunum yrðu uppfyllt. Einnig voru öðrum minni slitabúum veittar nauðsynlegar undanþágur í kjölfar staðfestingar nauðasamnings þeirra. Með þessari niðurstöðu er lokið einum stærsta kaflanum við uppgjör mála eftir fjármálaáfallið á Íslandi 2008.

Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ)

Í kjölfar falls fjármálafyrirtækja á Íslandi haustið 2008 eignaðist Seðlabanki Íslands umtalsverðar kröfur á innlend fjármálafyrirtæki, sem tryggðar voru með veðum af ýmsum toga. Hluti þessara krafna var færður til ríkissjóðs í árslok 2008, en Seðlabankinn hafði umsýslu með þessum kröfum.

Í lok árs 2009 voru umræddar eignir fluttar í sérstakt félag í eigu Seðlabankans sem ber heitið Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). Annað félag í eigu Seðlabankans, Sölvhóll ehf. (Sölvhóll) var sameinað ESÍ í upphafi ársins 2013 og tók ESÍ við hlutverki þess. Sölvhóll var eignauskýslufélag sem hafði það hlutverk að hámarka virði þeirraigna sem eru í ESÍ og koma þeim í verð þegar markaðsaðstæður leyfðu. Með þessu skipulagi hefur náðst betri aðgreining á þeim rekstri og þeim eignum sem tengjast bankahruninu og hefðbundinni starfsemi Seðlabankans. ESÍ á eitt dótturfélag, Hildu ehf. (Hildu), sem ESÍ tók yfir á miðju ári 2011. Í upphafi 2014 tók Hilda yfir ákveðna þætti úr starfsemi Dróma hf. Helstu eignir Hildu eru fyrirtækjalán og fasteignir. Starfsmenn eru 10.

Í lok árs 2015 nam efnahagur samstæðu ESÍ um 133,6 ma.kr. og höfðu eignirnar lækkað um ríflega 75,5 ma.kr. frá því í lok árs 2014 sem að mestu leyti má rekja til söluigna og niðurgreiðslu skulda við Seðlabankann. Hagnaður samstæðunnar nam um 10,6 ma.kr. eftir skatta.

Í stjórn ESÍ eru Jón Þ. Sigurgeirsson stjórnarformaður, Ingibjörg Guðbjartsdóttir meðstjórnandi og Sturla Pálsson meðstjórnandi. Í stjórn Hildu ehf. eru Haukur C. Benediktsson stjórnarformaður og Steinar Þór Guðgeirsson meðstjórnandi.

Greiðsluveitan ehf.

Greiðsluveitan ehf. er félag í eigu Seðlabanka Íslands. Meginhlutverk Greiðsluveitunnar er að starfrækja grunnkerfi greiðslumiðlunar ásamt tengdri þjónustu í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Félagið á og rekur nú fjögur hugbúnaðarkerfi og undirkerfi sem tengjast greiðslumiðlun:

- Birtingur er kerfi sem gerir þátttakendum (bönkum og öðrum fjármálastofnunum) kleift að birta í netbönkum sínum ýmiss konar skjöl á rafrænu formi sem þeir sjálfir eða viðskiptavinir þeirra útbúa. Unnið hefur verið að nýrri útgáfu af kerfinu sem mun m.a. gera mögulegt að vista skjöl sem undirrituð eru með rafrænum skilríkjum. Öll gögn í kerfinu eru aðgengileg í a.m.k. sjö ár frá skráningu.
- Jöfnunarkerfi er millibankakerfi sem tekur á móti greiðslufyrirmælum þátttakenda að fjárhæð allt að 10 m.kr. Kerfið er rauntímagreiðslukerfi og er opið allan sólarhringinn, alla daga ársins. Endanlegt greiðsluuppgjör á milli þátttakenda (banka) fer fram tvisvar á dag á bankadögum í gegnum stórgreiðslukerfi Seðlabankans.
- RÁS-kerfi annast miðlun á heimildar- og uppgjörsfærslum rafræna greiðslna (debet- og kreditkortagreiðslna). Færslunum er miðlað á milli söluaðila og færsluhirðis eða tækniþjónustufyrirtækja þeirra.

- SWIFT-þjónusta sem miðlar greiðslufyrirmælum, tilkynningum og öðrum samskiptum í samræmi við reglur SWIFT (Society for Worldwide Interbank Financial Telecommunication) á milli sendanda og móttakanda greiðslna. Hér á landi er kerfið mest notað í tengslum við greiðslur á milli innlendra og erlendra banka.

Auk framangreindra kerfa hefur félagið með höndum tiltekna þætti í rekstri stórgreiðslukerfis Seðlabanka Íslands. Allar millibankagreiðslur landsins yfir 10 m.kr. fara í gegnum stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2015 og verður honum eins og hagnaði undanfarinna ára fyrst og fremst varið til að fjármagna endurnýjun á stórgreiðslu- og jöfnunarkerfunum.

Fjórir starfsmenn bankans sátu í stjórn félagsins á árinu 2015, þ.e. Guðmundur Kr. Tómasson, sem var formaður, Tómas Örn Kristinsson, Gerður Ísberg og Páll Kolka Ísberg. Auk þeirra sat Helga Hlín Hákonardóttir í stjórn sem óháður stjórnarmaður.

Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals

Hinn 13. maí 2015 fór fram fjórða úthlutun menningarstyrks sem er tengdur nafni Jóhannesar Nordals, fyrrverandi seðlabankastjóra. Alls bárust 36 umsóknir. Tveir umsækjendur hlutu hvor um sig einnar milljónar króna styrk. Það voru þau Rannveig Anna Jónsdóttir og Níels Hafstein.

Rannveig Anna hlaut styrk til að afla upplýsinga um kvenrithöfunda Íslands og útgefin verk þeirra. Upplýsingarnar verða aðgengilegar á stafrænu formi á heimasíðu Konubókastofu, auk þess sem þær verða gefnar út í bókarformi. Til stendur að þýða á ensku og þýsku upplýsingar um þessa höfunda á styttra formi til að auka sýnileika íslenskra kvenrithöfunda í alþjóðlegum bókmenntaheimi.

Níels Hafstein sótti um styrk úr sjóðnum fyrir Safnasafnið til að gefa út sýnisbók um verk eftir 100 listamenn. Bókin verður í senn kynningarrit og gagnlegt hjálpartæki við undirbúning fyrir rannsóknir og sýningar sem sýna þróun íslenskrar alþýðulistar í 170 ár.

Í úthlutunarnefnd sitja Hildur Traustadóttir, varafulltrúi í bankaráði Seðlabanka Íslands, formaður, Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti, og Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



VIII Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið

Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2015 að fjárhæð 5.651 m.kr. en var 11.220 m.kr. árið á undan. Að gengismun og tekjuskatti undanskildum var 16.058 m.kr. hagnaður af rekstri Seðlabankans á árinu 2015 samanborið við 7.742 m.kr. hagnað 2014. Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekjuskatti en félög í eigu hans greiða tekjuskatt. Hér til hliðar er tafla sem sýnir breytingu á helstu flokkum rekstrarreiknings bankans. Gengistap á árinu 2015 nam alls 8.353 m.kr. sem má að hluta rekja til lækkunar á gengi evru en á árinu 2014 nam gengishagnaður 6.185 m.kr.

Afkoma bankans dróst saman um 5.568 m.kr. miðað við árið á undan. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu um 3.151 m.kr. milli ára. Vaxtatekjur af innlendum eignum lækkuðu um 1.431 m.kr. sem rekja má til höfuðstólslækkunar skuldabréfa og sölu innlendra eigna. Vaxtagjöld af innlendum innstæðum jukust um 4.385 m.kr. vegna mikilla gjaldeyriskaupa bankans á árinu í reglubundnum og óreglubundnum viðskiptum. Vaxtagjöld af erlendum skuldum lækkuðu um 2.330 m.kr. þar sem uppgreiðsla lána frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Póllandi vege hvað mest. Heildarfjárhæð lánsins við sjóðinn, sem tekið var í áföngum, nam um 250 ma.kr. (1.400 milljónum SDR) þegar áætluninni lauk í ágúst 2011 og var greitt til baka á árunum 2012-2015. Ísland tók einnig lán frá Norðurlöndum, Færeyjum og Póllandi í tengslum við efnahagsáætlunina en þau lán voru greidd fyrirfram á árunum 2012-2015.

Aðrar rekstrartekjur bankans jukust um 5.394 m.kr. milli ára. Þar vegur þyngst tekjufærsla vegna verðendurmats innlendra skuldabréfa úr eignasafni ESÍ. Einnig var bakfærð áður færð virðisrýrnun krafna ESÍ um 6.135 m.kr. á árinu 2015 vegna betri endurheimtna af kröfum á gjaldþrota fjármálafyrirtæki. Verðendurmat erlendra verðbréfa var 7.392 m.kr. til gjalda á árinu og markaðsverð á gulleign bankans lækkaði um 1.067 m.kr. Þjónustutekjur umfram þjónustugjöld hækkuðu um 146 m.kr. milli ára. Gengistap varð af gjaldeyrisviðskiptum á árinu 2015 um 119 m.kr., sem rekja má til aukinna inngripa bankans, en þau voru í sögulegu hámarki á árinu. Rekstrargjöld bankans lækkuðu um 301 m.kr. milli ára, aðallega vegna lækkunar á þjónustugjöldum sem tengjast starfsemi félaga í eigu bankans. Laun og launatengd gjöld jukust um 12,6% milli ára sem skýrist einkum af kjarasamningsbundnum hækkunum. Eignir bankans námu alls 916.977 m.kr. í árslok 2015 en voru til samanburðar 953.598 m.kr. í lok ársins 2014. Erlendar eignir hækkuðu á árinu um 123.587 m.kr. Eigið fé bankans nam 78.760 m.kr. í árslok 2015 og eiginfjárlutfall bankans var 8,6% samanborið við 7,9% í árslok 2014.

Í árslok 2015 námu erlendar eignir bankans um 71% af heildareignum, en í árslok 2014 námu erlendar eignir bankans 55% af heildareignum. Ársreikningur bankans er birtur aftur í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

(Tölur í milljónum kr.)	2015	2014	Breyting
Afkoma á árinu	5.651	11.220	-5.568
Breytingar greinast þannig:			
Hreinar vaxtatekjur	3.069	6.220	-3.151
Aðrar tekjur/gjöld	10.983	5.564	5.419
Rekstrargjöld	-4.112	-3.784	-328
Bakfærð virðisrýrnun	6.135	-258	6.392
Gengsimunur	-8.353	6.185	-14.538
Tekjuskattur	-2.054	-2.708	654

Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

(Tölur í milljónum kr.)	2015	2014	Breyting
Eigið fé:	78.760	75.027	3.733
Breyting greinist þannig:			
Eignir:			
Gulleign	8.790	9.598	-808
Erlendar eignir	641.607	518.020	123.587
Gjaldeyrissst. við AGS	3.369	3.447	-78
Innlendar fjáreignir	250.761	401.763	-151.003
Varanl. rekstrarfjárm.	4.811	4.745	66
Aðrar eignir	7.639	16.016	-8.377
Skuldir:			
Seðlar og mynt	55.671	49.955	5.716
Erlendar skuldir	2.060	45.678	-43.618
Mótvirði við AGS	20.156	20.621	-466
Innstæður fjármálast.	67.644	52.022	15.622
Aðrar innstæður	448.529	595.323	-146.794
Innlendar fjárskuldir	242.199	113.198	129.001
Aðrar skuldir	1.959	1.765	194
Eigið fé bankans	78.760	75.027	3.733

Breytingar í eiginfjárliðum

Í upphafi árs 2015 gerðu Seðlabanki Íslands og ríkissjóður með sér samkomulag um innkallanlegt eigið fé Seðlabankans, með stoð í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, og var miðað við að breytingarnar hefðu áhrif frá og með 31. desember 2014. Með samkomulaginu skuldbindur ríkissjóður sig, á grundvelli heimildar í fjárlögum, til að leggja Seðlabankanum til 52 ma.kr. eigið fé í formi markaðshæfra eigna, ef bankinn kallar eftir því, í þeim tilgangi að uppfylla lágmarkskröfur um innborgað eigið fé. Ef mat Seðlabanka Íslands á fjárhagslegri stöðu leiðir í ljós að skilyrði innköllunar eru fyrir hendi er bankanum heimilt að innkalla eigið fé hvenær sem er innan almanaksársins. Innköllunin skal sett fram skriflega og skal ríkissjóður hafa 14 virka daga til að verða við henni. Fjárhæð hins innkallanlega eiginfjár tekur breytingum í samræmi við þróun neysluverðsvísitölu.

Ráðstöfun hagnaðar ársins 2015

Árlega er tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar Seðlabanka Íslands samkvæmt aðferð sem innleidd var með lögum nr. 122/2014. Annars vegar er stuðst við greiningu á virðisendurmati og hins vegar mat Seðlabankans á þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Jákvæðu virðisendurmati er ráðstafað inn á varasjóð, sérstakan reikning meðal eiginfjárliða sem tekur til óinnleysta tekna og gjalda. Neikvætt virðisendurmat er tekið af varasjóðum eins og hægt er en að öðrum kosti er neikvætt virðisendurmat fært á móti innleystum hagnaði. Standi varasjóður eða innleystur hagnaður ekki undir neikvæðu virðisendurmati að fullu er afgangurinn tekinn af eiginfjárreikningnum „annað eigið fé“. Þessi aðferðafræði veldur því að hagnaður sem ráðstafað er í ríkissjóð verður jafnari.

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands skal bankinn búa yfir fjárhagslegum styrk sem gerir honum kleift að rækja lögbundið hlutverk sitt. Til þess að tryggja þetta markmið er hagnaði bankans, eftir að gerðar hafa verið færslur á varasjóð, ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Í því skyni ákveður Seðlabankinn á hverju ári eiginfjármarkmið fyrir bankann sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Eiginfjármarkmiðið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma.

Seðlabanki Íslands hefur ákveðið að ráðstafa hagnaði á árinu til eflingar eigin fjár. Við ákvörðun bankans var framkvæmd þriggja ára greining á rekstri hans á áhættu sem til staðar er á efnahagsreikningi og sviðsmyndagreining. Mismunur vaxtatekna af erlendum eignum bankans og vaxtagjalda af innlendum skuldum hans nemur um 5 af hundraði og lætur því nærri að neikvæður vaxtamunur vegna þessa séu tæpir 18 ma.kr. á ári. Þrátt fyrir það telur Seðlabankinn ekki til efni til innköllunar skuldabréfa til eflingar eigin fjár. Ástæðan er sú að núverandi staða er ólíkleg til að verða varanleg. Á árinu 2016 gætu orðið miklar breytingar á efnahagsreikningi bankans sem myndu laga stöðuna. Í því sambandi ber sérstaklega að nefna fyrirhugaðar aðgerðir til lausnar vanda sem tengist svokölluðum aflandskrónum.

Miðað við ofangreint hefur verið ákveðið, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga um Seðlabanka Íslands, að ráðstafa hagnaði bankans og innstæðu í varasjóði, samtals 14,9 ma.kr. til eflingar eigin fjár bankans.

Bankaráð Seðlabanka Íslands

Í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, segir að í bankaráði Seðlabanka Íslands, sem kosið er af Alþingi að loknum hverjum Alþingiskosningum, skuli sitja sjö fulltrúar. Bankaráð var kjörið á Alþingi 5. júlí 2013 og var þannig skipað í upphafi árs að formaður var Jón Helgi Egilsson, sem tók sæti Ólafar Nordal, sem sagði sig úr ráðinu í lok árs 2014. Aðrir aðalfulltrúar voru Ingibjörg Ingvadóttir, Ragnar Árnason, Ágúst Ólafur Ágústsson, Björn Valur Gíslason, Auður Hermannsdóttir og Ingvi Hrafn Óskarsson sem tók sæti Ólafar Nordal. Í mars var Þórunn Guðmundsdóttir kjörin í bankaráðið í stað Ólafar Nordal og tók Þórunn við hlutverki formanns í apríl. Linda Björk Bentsdóttir sagði af sér sem varafulltrúi í ágúst en aðrir varafulltrúar voru í árslok Ingvi Hrafn Óskarsson, Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Leó Löve, Sigrún Elsa Smáradóttir, Hildur Traustadóttir og Sunna Jóhannsdóttir. Bankaráð hélt 15 fundi á árinu.

Seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri

Á árinu gegndi Már Guðmundsson embætti seðlabankastjóra en hann var skipaður í annað sinn til fimm ára frá og með 20. ágúst 2014. Arnór Sighvatsson gegndi embætti aðstoðarseðlabankastjóra en hann var endurskipaður til fimm ára frá og með 1. júlí 2013.

Skipulag bankans

Starfsemi bankans skiptist í sex vinnslusvið og þrjú stoðsvið, auk skrifstofu alþjóðasamskipta og seðlabankastjóra. Skrifstofa alþjóðasamskipta og bankastjóra annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjóra, hefur umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu og heimasíðu. Skrifstofa alþjóðasamskipta og bankastjóra annast einnig regluleg samskipti við erlendar fjármálastofnanir önnur en fjármálaviðskipti, annast samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðrar innlendar og erlendar stofnanir.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun innlendra og erlendra efnahags- og peningamála, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika, og hefur umsjón með útgáfu ýmissa rita bankans, þ.e. *Peningamála*, *Hagvísu*, *Working Papers*, *Efnahagsmála* og *Economy of Iceland*. Hagfræði og peningastefna skiptist í tvær einingar, annars vegar greiningar- og útgáfudeild og hins vegar rannsóknar- og spádeild.

Markaðsviðskipti og fjárstýring hefur umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og annast viðskipti við innlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um stýringu á efnahagsreikningi bankans, vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um

þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs.

Verkefni gjaldeyriseftirlits er að fylgjast með að lögum og reglum um gjaldeyrismál sé framfylgt. Enn fremur tekur eftirlitið þátt í endurskoðun reglna, birtingu leiðbeininga og túlkun þeirra. Gjalddeyriseftirlit sér einnig um afgreiðslu beiðna um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál. Þá hefur gjalddeyriseftirlitið einnig heimild til að hefja rannsókn vegna ætlaðra brota á lögnum. Seðlabankinn getur lokið málum sem varða minni háttar brot á stjórnsýslustigi með álagningu stjórnvaldssekta eða með sátt. Meiri háttar brot gegn lögnum ber Seðlabankanum að kæra til lögreglu.

Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfraðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar og vegna opinberrar hagskýrslugerðar. Bankinn safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðlabankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu sinni. Upplýsingasvið skiptist í þrjár einingar, þ.e. fjármálfyrirtæki, greiðslujöfnuð og fjármálamarkaði.

Fjármálastöðugleiki annast greiningu á áhættu í fjármálakerfinu og setningu lausafjár- og gjaldeyrisjafnaðarreglna sem taka til lána- stofnana, annast eftirlit og tekur þátt í mótun varúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Fylgst er með stöðu lánastofnana, heimila og fyrirtækja auk ytri stöðu þjóðarbúsins. Sviðið hefur umsjón með útgáfu bankans á skýrslunni *Fjármálastöðugleiki*.

Fjármálainnviðir hafa með höndum yfirsýn og eftirlit með kerfislega mikilvægum fjármálainnviðum með öryggi, skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi. Þá annast sviðið rekstur millibankakerfa, útgáfu og umsýslu seðla og myntar og rekstur fjárhirslna. Sviðið hefur jafnframt umsjón með útgáfu ritsins *Fjármálainnviðir*. Auk þess heyrir undir sviðið félag í eigu Seðlabankans, Greiðsluveitan ehf., sem annast rekstur fjármálainnviða í eigu Seðlabankans.

Stoðsviðin þrjú eru rekstur og starfsmannamál, fjárhagur og lögfræðiráðgjöf.

Rekstur og starfsmannamál skiptist í sex þjónustueiningar, þ.e. eignaumsjón og þjónustu, innri upplýsingaþjónustu, matar- og veitingaþjónustu, rekstrar- og skrifstofuþjónustu, starfsmannaþjónustu og upplýsingatækniþjónustu. Skilgreind markmið sviðsins eru að skapa umhverfi og aðbúnað sem gerir Seðlabankanum kleift að uppfylla hlutverk sitt sem best á hverjum tíma, að gæta hagsýni í hvívetna við notkun á þeim fjármunum sem ætlaðir eru til rekstrar bankans með tilliti til starfsfólks, starfsemi og orðstírs og að framfylgja starfsmanna- og fræðslustefnu bankans hverju sinni eins vel og unnt er.

Fjárhagur hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og félaga í hans eigu ásamt því að sjá um bókhald sjóðs þjóðhátíðargjafar Norðmanna og Grænlandssjóðs sem eru í vörslu bankans. Sviðið sér um umsýslu erlendra og innlendra lána ríkissjóðs og Seðlabankans. Þá annast sviðið erlenda greiðslumiðlun með SWIFT-kerfi bankans og hefur umsjón með innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann,

ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Einnig sér sviðið um vörslu verðbréfa og uppgjör verðbréfavíðskipta. Starfsemi sviðsins skiptist í tvær deildir, reikningshald og bakvinnslu.

Lögfræðiráðgjöf veitir bankastjóra, sviðum og deildum bankans lögfræðiráðgjöf um málefni sem snerta hlutverk bankans og starfsemi hans. Ráðgjöfin tekur þátt í undirbúningi laga og reglna og gerð lögfræðilíta, annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans, frágang löggæringa og lánasamninga.

Innri endurskoðandi starfar samkvæmt ákvæðum c-liðar 28. greinar laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, undir umsjón bankaráðs og er ábyrgur gagnvart því. Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Seðlabanka Íslands og félaga í hans eigu. Innri endurskoðun leggur mat á virkni áhættustýringar og stjórnarhátta með kerfisbundnum vinnubrögðum og styður þannig bankann í að ná markmiðum sínum.

Starfsmannamál

Í upphafi árs 2015 var 171 starfsmaður í starfsliði bankans, auk 6 starfsmanna í hlutastarfi við ræstingu, samtals 177 starfsmenn. Í lok árs 2015 voru starfsmenn 172, auk 6 starfsmanna í hlutastarfi við ræstingu, samtals 178 starfsmenn. Á árinu voru 18 starfsmenn ráðnir til starfa en 17 létu af störfum. Fjöldi sumarstarfsmanna á árinu 2015 var 8.

Kynjahlutfall breyttist nokkuð á árinu. Í upphafi árs voru 87 karlar og 90 konur í starfsliði bankans. Í lok árs voru 95 karlar og 83 konur. Ekki varð breyting á kynjahlutfalli í hópi framkvæmdastjóra innan ársins, 5 konur og 5 karlar. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna var 83,5% í árslok.

Í árslok voru 29 starfsmenn félaga í eigu Seðlabanka Íslands, þar af 17 hjá Greiðsluveitunni ehf. og 12 hjá Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. og Hildu ehf.

Á árinu var haldinn Seðlabankadagurinn en þar stilltu starfsmenn saman strengi með því að taka þátt í hópavinnu og hlusta á fyrirlestra. Sérfræðingar voru fengnir til að stýra hópavinnunni en þrjú málaflókkar voru teknir fyrir að þessu sinni, umhverfismál, samskipti og starfsánægja. Hóparnir héldu síðar áfram störfum og er gert ráð fyrir að niðurstöður hópanna og tillögur liggi fyrir á fyrri hluta árs 2016.

Stjórn Seðlabanka Íslands 31. desember 2015

Bankaráð

Aðalmenn

Pórunn Guðmundsdóttir formaður
Jón Helgi Egilsson
Ágúst Ólafur Ágústsson
Ingibjörg Ingvadóttir
Ragnar Árnason
Björn Valur Gíslason
Auður Hermannsdóttir

Varamenn

Ingvi Hrafn Óskarsson
Sigrún Elsa Smáradóttir
Heiðrún Lind Marteinsdóttir
Hildur Traustadóttir
Leó Löve
Sunna Jóhannsdóttir

Seðlabankastjóri

Már Guðmundsson

Aðstoðarseðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson


Yfirmenn

Alþjóðasamskipti og skrifstofa bankastjóra:	Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri
Fjárhagur:	Erla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri
Fjármálainnviðir:	Guðmundur Kr. Tómasson framkvæmdastjóri
Fjármálastöðugleiki:	Sigríður Benediktsdóttir framkvæmdastjóri
Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla:	Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri
Gjaldeyriseftirlit:	Ingibjörg Guðbjartsdóttir framkvæmdastjóri
Hagfræði og peningastefna:	Pórarinn G. Pétursson aðalhogfræðingur
Lögfræðiráðgjöf:	Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur
Markaðsviðskipti og fjárstýring:	Sturla Pálsson framkvæmdastjóri
Rekstur og starfsmannamál:	Ásta H. Bragadóttir framkvæmdastjóri
Innri endurskoðandi:	Nanna Huld Aradóttir

Félög í eigu Seðlabanka Íslands

Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ):	Haukur C. Benediktsson framkvæmdastjóri
Greiðsluveitan ehf.:	Logi Ragnarsson framkvæmdastjóri

Skipurit Seðlabanka Íslands







SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2015

Áritun óháðra endurskoðenda

Til bankaráðs og bankastjóra Seðlabanka Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 2015. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu yfirstjórnar Seðlabanka Íslands, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingar á eigin fé, yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á samstæðuársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits Seðlabanka Íslands sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits Seðlabanka Íslands. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Seðlabanka Íslands á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

Kópavogur, 17. mars 2016

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson
endurskoðandi

Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. mars 2016

Áritun bankaráðs

*Jón Helgi Egilsson
Ragnar Árnason
Ágúst Ólafur Ágústsson*

*Þórunn Guðmundsdóttir
formaður*

*Ingibjörg Ingvadóttir
Auður Hermannsdóttir
Björn Valur Gíslason*

Áritun seðlabankastjóra

Már Guðmundsson

Staðfesting fjármála- og efnahagsráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 17. mars 2016

Bjarni Benediktsson

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýringar	2015	2014
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af innlendum eignum.....		17.957.775	19.388.923
Vaxtatekjur af erlendum eignum		7.449.528	6.838.704
	1	<u>25.407.303</u>	<u>26.227.628</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af innlendum skuldum.....		(21.686.437)	(17.301.028)
Vaxtagjöld af erlendum skuldum		(652.231)	(2.706.684)
	2	<u>(22.338.668)</u>	<u>(20.007.712)</u>
		Hreinar vaxtatekjur	6.219.916
Rekstrartekjur			
Þjónustutekjur	3	1.377.264	1.474.846
Þjónustugjöld	4	(878.183)	(1.121.958)
Seðlar úr umferð		750	(196)
Tekjur af hlutafjäreign	5	85.923	40.195
Verðbreytingar innlendra skuldabréfa.....	6	17.161.809	1.599.049
Verðendurmat fullnustueigna	28	1.814.274	613.075
Verðendurmat erlendra verðbréfa	6	(7.392.174)	2.746.937
Verðendurmat gulleignar	7	(1.067.425)	(120.397)
Gengishagnaður (tap) af gjaldeyrisviðskiptum	8	(119.155)	332.693
		<u>10.983.082</u>	<u>5.564.244</u>
		Hreinar rekstrartekjur	11.784.160
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	(2.630.752)	(2.335.860)
Annar rekstrarkostnaður	10	(1.127.078)	(1.210.785)
Kostnaður af seðlum og mynt	11	(166.012)	(68.389)
Afskriftir fastafjármuna	27	(161.494)	(169.188)
Bakfærð virðisrýrnun krafna (virðisrýrnun krafna).....	12	6.116.379	(257.512)
		<u>2.031.043</u>	<u>(4.041.734)</u>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	30	(24.675)	0
		Rekstrarhagnaður fyrir skatta og gengismun	7.742.426
Tekjuskattur.....	14	(2.054.012)	(2.707.876)
		Hagnaður án gengismunar	5.034.550
Gengismunur	13	(8.352.759)	6.185.091
		<u>Hagnaður ársins</u>	<u>11.219.641</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýringar	2015	2014
Gulleign	16	8.790.287	9.597.822
Erlendar eignir	17-20	641.606.734	518.019.660
Gjaldeyrissaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	21	3.369.392	3.447.240
Innlendar fjáreignir	22-26	250.760.528	401.763.108
Varanlegir rekstrarfjármunir	27	4.811.346	4.745.108
Fullnustueignir og fasteignir til sölu	28	4.905.532	9.725.128
Tekjuskattsinnæign	29	13.402	1.264.992
Aðrar eignir	30	2.720.175	5.026.096
Eignir		<u>916.977.397</u>	<u>953.589.154</u>
Eigið fé og skuldir			
Stofnfé		83.501.000	83.501.000
Óinnkallað stofnfé	39	(52.000.000)	(52.000.000)
Varasjóður	15	0	9.313.826
Endurmat fasteigna og lausafjármuna		4.299.112	4.348.056
Þýðingarmunur	30	(12.572)	0
Annað eigið fé		42.972.042	29.863.773
Eigið fé	40	<u>78.759.581</u>	<u>75.026.655</u>
Seðlar og mynt	32	55.671.137	49.955.315
Erlendar skuldir	33	2.060.342	45.678.267
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	21	20.155.612	20.621.220
Innstæður fjármálastofnana	34	67.643.670	52.021.653
Aðrar innstæður	35	448.528.896	595.323.264
Innlendar fjárskuldir	36	242.199.120	113.197.784
Tekjuskattsskuldbinding	29	2.962	20.010
Lífeyrisskuldbinding	37	257.906	255.427
Aðrar skuldir	38	1.698.171	1.489.560
Skuldir		<u>838.217.815</u>	<u>878.562.499</u>
Eigið fé og skuldir		<u>916.977.397</u>	<u>953.589.154</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

Rekstrarhreyfingar	2015	2014
Innheimtar vaxtatekjur	21.554.142	25.648.397
Greidd vaxtagjöld	(19.746.431)	(21.561.282)
Innheimtar hreinar vaxtatekjur	1.807.711	4.087.115
Innheimtar þjónustutekjur	1.138.780	1.476.944
Greidd þjónustugjöld	(715.580)	(1.125.656)
Innborgaður arður af hlutafjáreign	85.923	40.195
Innheimtar hreinar rekstrartekjur	2.316.834	4.478.598
Greidd rekstrargjöld	(3.913.949)	(3.568.714)
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri án skatta og framlags	(1.597.116)	909.884
Greiddur tekjuskattur	(229.320)	(2.154.539)
Greitt framlag í ríkissjóð	0	(6.516.660)
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri	(1.826.436)	(7.761.315)
Fjárfestingarhreyfingar		
Keyptir rekstrarfjármunir	(177.557)	(61.877)
Fullnustueignir, sala að frádragnum viðbótum	7.907.259	3.562.583
Seld hlutabréf	0	173.430
Keyptir eignarhlutir	(145.511)	0
Keypt verðbréf	0	(10.935.339)
Seld verðbréf	80.224.546	34.587.577
Afborganir af verðbréfum o.fl.	93.118.977	23.415.088
Keypt gull	(11.910)	(6.569)
Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða	(243.097.654)	(191.778.158)
Seld verðbréf í gjaldeyrisforða	215.680.897	167.922.480
Fjármagnstekjuskattur dótturfélaga, lækkun	1.034.468	54.842
Sérstök dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	(20.561.921)	(7.681)
	133.971.594	26.926.376
Fjármögnunarahreyfingar		
Seðlar og mynt, hækkun	5.715.822	2.939.807
Tekið lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, (afborganir)	(41.796.594)	(50.402.017)
Tekin lán hjá seðlabönkum Norðurlanda, (afborganir)	0	(30.845.000)
Tekin önnur lán	(25.600)	0
Innstæðubréf, (lækkun)	0	(132.750.000)
Bundin innlán, hækkun	136.140.000	106.913.214
Bundin innlán ríkissjóður, (lækkun)	(7.438.665)	0
Gjaldeyrissinnstæður, (lækkun) hækkun	(79.917.496)	28.043.636
Innstæður innlánsstofnana, hækkun (lækkun)	16.882.139	(20.270.413)
Innstæður annarra aðila o.fl. (lækkun) hækkun	(8.532.420)	12.548.722
Innstæður ríkissjóðs, (lækkun) hækkun	(55.183.839)	55.744.996
Skiptasamningar, (lækkun)	(575.310)	(242.321)
	(34.731.962)	(28.319.376)
Breyting á handbæru fé		
Hækkun, (lækkun) á erlendum bankainnstæðum	97.413.196	(9.154.315)
Gengismunur erlendra bankainnstæðna	(2.979.518)	1.951.299
Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun	35.375.300	42.578.316
Erlendar bankainnstæður í árslok	129.808.977	35.375.300

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Yfirlit um breytingar á eigin fé 2015

	Stofnfé	Óinnkallað stofnfé	Vara- sjóður	Endurmat fasteigna	Þýðingar- munur	Annað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1. janúar 2014	57.501.000			4.397.000		27.909.014	89.807.014
Lækkun stofnfjár	(26.000.000)						(26.000.000)
Innkallanl. stofnfé skv. samkl.	52.000.000	(52.000.000)					0
Hagnaður ársins 2014			9.313.826			1.905.815	11.219.641
Afskrift endurm. eigna 2014				(48.944)		48.944	0
Eigið fé 31. desember 2014	<u>83.501.000</u>	<u>(52.000.000)</u>	<u>9.313.826</u>	<u>4.348.056</u>		<u>29.863.773</u>	<u>75.026.655</u>
Eigið fé 1. janúar 2015	83.501.000	(52.000.000)	9.313.826	4.348.056		29.863.773	75.026.655
Framlag til ríkissjóðs						(1.905.815)	(1.905.815)
Hagnaður ársins 2015			(9.313.826)			14.965.140	5.651.314
Þýðingarmunur					(12.572)		(12.572)
Afskrift endurm. eigna 2015				(48.944)		48.944	0
Eigið fé 31. desember 2015	<u>83.501.000</u>	<u>(52.000.000)</u>	<u>(0)</u>	<u>4.299.112</u>	<u>(12.572)</u>	<u>42.972.042</u>	<u>78.759.581</u>

Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, nr. 3/2006, ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.
- Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, veita upplýsingar í skýringum um tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.
- Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.
- Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga Seðlabanka Íslands og félaga í eigu bankans („dótturfélög“ skv. reikningsskilareglum).

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

- Dóttur- og hlutdeildarfélag eru félag þar sem Seðlabankinn fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar bankinn hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur félagsins. Eignarhlutar í þeim eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakrar fjárfestingar. Tap félaganna umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagin gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.
- Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlendra hlutdeildarféлага.
- Tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið hvort sem innheimta hefur farið fram eða ekki. Hið sama á við um gjöld, þau eru færð þegar til þeirra er stofnað hvort sem þau voru greidd eða ekki. Í rekstrarreikning færast ennfremur matsbreytingar af verðbréfum hvort sem þær eru innleystar eða óinnleystar.
- Kostnaður af útgáfu seðla og myntar er færður til gjalda þegar hann fellur til.
- Seðlar og mynt í umferð er skráð á nafnvirði.

Grundvöllur reikningsskilanna

Mat og ákvarðanir

Samstæða

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélagum

Þýðingarmunur

Skráning tekna og gjalda

Seðlar og mynt

Erlendir gjaldmiðlar

- Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við miðgengi í árslok 2015. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

	Meðalgengi ársins		Gengi í lok árs	
	2015	2014	2015	2014
Evra (EUR)	146,30	154,86	141,32	154,27
Bandaríkjadalur (USD)	131,85	116,75	129,59	126,90
Sterlingspund (GBP)	201,58	192,17	192,06	197,66
Kanadadalur (CAD)	103,25	105,71	93,27	109,59
Dönsk króna (DKK)	19,62	20,77	18,94	20,72
Norsk króna (NOK)	16,37	18,54	14,75	17,14
Sænsk króna (SEK)	15,64	17,03	15,40	16,44
Svissneskur franki (CHF)	137,08	128,00	130,50	128,29
Japanskt jen (JPY)	1,09	1,10	1,08	1,06
Pólskt slot (PLN)	34,96	37,01	33,13	36,08

Verðtryggðar eignir og skuldir

- Verðtryggðar eignir og skuldir eru skráðar með áföllnum verðbótum í árslok 2015 og miðað er við viðeigandi vísitölugildi í janúar 2016 sem endurspeglar verðlag í lok ársins 2015. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikning með vöxtum.

Verðbréf

- Verðbréf í gjaldeyrisforða bankans eru skráð á markaðsverði og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Skattamál

- Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.
- Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.
- Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.
- Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra

rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýmun.

- Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði/endurmatsverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.
- Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.
- Gull í gjaldeyrisforða bankans er skráð á markaðsverði í Bandaríkjadöllum og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.
- Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Gulleign

Skuldbindingar

Skýringar með samstæðuársreikningi 2015

Vaxtatekjur

1. Vaxtatekjur greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
<i>Vaxtatekjur af innlendum eignum:</i>		
Vaxtatekjur af daglánum	951	7.397
Vaxtatekjur af veðlánum	0	1.384
Vaxtatekjur af markaðsbréfum.....	680.191	1.077.134
Vaxtatekjur af verðtryggðum verðbréfum	1.377.223	1.773.193
Vaxtatekjur af öðrum innlendum eignum	15.899.409	16.529.816
	<u>17.957.775</u>	<u>19.388.923</u>
<i>Vaxtatekjur af erlendum eignum:</i>		
Vaxtatekjur af gulli	27.622	7.292
Vaxtatekjur af bankareikningum.....	91.025	42.964
Vaxtatekjur af verðbréfum	7.003.511	6.701.974
Vaxtatekjur af öðrum erlendum eignum.....	327.369	86.474
	<u>7.449.528</u>	<u>6.838.704</u>

- Vaxtatekjur af innlendum eignum lækkuðu um 1,4 ma.kr. frá árinu 2014 eða um 7,4%. Helstu ástæður eru höfuðstólslækkunar skuldabréfa sem og uppgreiðslur lána.
- Veitt voru 9 daglán á árinu 2015 samtals að fjárhæð 5,2 ma.kr. Engin veðlán voru veitt á árinu og aðeins eitt veðlán var veitt árið 2014.
- Vaxtatekjur af markaðsbréfum lækka um 397 m.kr. milli ára eða um 37%. Lækkun þessi er tilkomin vegna sölu markaðsbréfa á fyrrihluta ársins.
- Vaxtatekjur af verðtryggðum verðbréfum lækkuðu um 22,3% milli ára sem rekja má að mestu leyti til höfuðstólslækkunar skuldabréfa.
- Vaxtatekjur af gulli á árinu 2015 voru 27,6 m.kr. samanborið við 7,3 m.kr. á árinu 2014. Bankinn byrjaði aftur að lána gull til ávöxtunar í júní 2014.
- Vaxtatekjur af erlendum bankareikningum tvöfölduðust milli ára. Meginástæða þess er aukning innstæðna á árinu 2015.
- Vaxtatekjur af erlendum verðbréfum hækkuðu um 301,5 m.kr. á milli ára. Erlend verðbréfaeign jókst um 10,1 ma.kr. á árinu 2015.

Vaxtagjöld

2. Vaxtagjöld greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
<i>Vaxtagjöld af innlendum skuldum:</i>		
Vaxtagjöld af innstæðubréfum	0	3.948.812
Vaxtagjöld af bundnum innlánnum	9.402.472	5.118.509
Vaxtagjöld af viðskiptareikningum	6.525.974	4.026.722
Vaxtagjöld af viðskiptareikningum ríkissjóðs	4.896.752	3.843.769
Vaxtagjöld af gjaldeyrisreikningum	195.237	93.516
Vaxtagjöld af öðrum innlendum skuldum	666.002	269.700
	<u>21.686.437</u>	<u>17.301.028</u>
<i>Vaxtagjöld af erlendum skuldum:</i>		
Vaxtagjöld af stöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	376.679	1.737.800
Vaxtagjöld vegna erlendar lántöku ríkissjóðs	171.035	213.324
Vaxtagjöld af erlendum lánum	104.517	755.561
	<u>652.231</u>	<u>2.706.684</u>

- Vaxtagjöld af innlendum skuldum jukust um 4,4 ma.kr. eða um 25,4%. Þessa hækkun má rekja til hækkunar vaxta á árinu sem og aukningar á innstæðum viðskiptareikninga innlánastofnana vegna gjaldeyrisviðskipta á árinu.
- Í kjölfar breytinga sem gerðar voru á stjórnþækjum peningastefnunnar í maí 2014 var útboðum 28 daga innstæðubréfa hætt.
- Vaxtagjöld af bundnum innlánnum námu um 9,4 ma.kr. á árinu 2015 samanborið við 5,1 ma.kr. á árinu 2014. Bundin innlán komu í stað innstæðubréfa og boðin eru tvenns konar bundin innlán, annars vegar bundin innlán til viku í senn sem bera fasta vexti og hins vegar bundin innlán til mánaðar í senn.
- Vaxtagjöld af viðskiptareikningum hækkðu um 2,5 ma.kr. eða um 62,1%. Viðskiptavextir Seðlabanka Íslands voru 4,25% í upphafi árs 2015 en í lok árs 2015 voru vextir 5,5%.
- Vaxtagjöld af viðskiptareikningum ríkissjóðs hækkðu um 1 ma.kr. eða um 27,4%. Innstæður ríkissjóðs lækkuðu um 55 ma.kr. á árinu sem rekja má til höfuðstólslækkunar á skuldabréfi við bankann.
- Vaxtagjöld af erlendum skuldum lækkuðu um 76% milli ára sem rekja má til uppgreiðslu á láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í október hafði bankinn greitt niður allar erlendar skuldir sem stofnað hafði verið til í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda hér á landi í kjölfar bankahrunsins í október 2008.

Þjónustutekjur

3. Þjónustutekjur greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Tekjur af greiðslumiðlun.....	1.033.671	1.036.794
Tekjur vegna markaðsviðskipta.....	136.587	134.915
Húsaleigutekjur fullnustueigna.....	181.742	279.362
Aðrar þjónustutekjur.....	25.264	23.775
	<u>1.377.264</u>	<u>1.474.846</u>

- Breytingar á þjónustutekjum má rekja til 35% lækkunar á húsaleigutekjum af starfsemi Hildu ehf. Þessi lækkun kemur vegna sölu á eignum á árinu.

Þjónustugjöld

4. Þjónustugjöld greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Gjöld af greiðslumiðlun.....	543.154	616.505
Gjöld vegna gjaldeyrisútboða.....	17.274	49.937
Gjöld af lántöku.....	22.388	21.658
Gjöld vegna verðbréfiðskipta.....	96.076	66.061
Eignaumsýslugjöld.....	20.317	48.547
Rekstrarkostnaður fullnustueigna.....	170.362	249.577
Önnur þjónustugjöld.....	8.612	69.673
	<u>878.183</u>	<u>1.121.958</u>

- Þjónustugjöld lækkuðu um 22% á milli ára. Lækkunin er að mestu tilkomin vegna lækkunar á þjónustugjöldum fullnustueigna og fasteigna til sölu. Gjöld vegna gjaldeyrisútboða lækka um 65% milli ára, en aðeins eitt og jafnframt síðasta gjaldeyrisútboðið fór fram á árinu vegna fjárfestingaleiðarinnar.

Tekjur af hlutafjáreign

5. Tekjur af hlutafjáreign greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Arðstekjur frá Alþjóðagreiðslubankanum.....	44.490	40.122
Aðrar arðstekjur.....	41.433	73
	<u>85.923</u>	<u>40.195</u>

- Aukning á arðstekjum milli ára má rekja til hlutabréfaeignar Eigna- safns Seðlabanka Íslands ehf.

Verðendurmat verðbréfa og sjóða

6. Verðendurmat verðbréfa og sjóða greinist þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Innlend verðbréf, gangvirðisbreyting	17.161.809	1.599.049
Erlend verðbréf, gangvirðisbreyting	(7.409.847)	2.697.894
Erlendir verðbréfasjóðir, gangvirðisbreyting	17.673	49.043
	<u>9.769.635</u>	<u>4.345.986</u>

Nafnverð erlendra verðbréfa og sjóða eftir gjaldmiðlum:	2015	2014
EUR	1.497.000.000	1.115.000.000
GBP	269.300.012	81.000.012
PLN	0	204.129.000
USD	2.290.000.000	2.136.500.000
CNY	61.555	61.555

Verðendurmat gulleignar

7. Verðlækkun gullforða bankans, miðað við fastgengi, nam rúmum 1 ma.kr. 2015 en 2014 var 120 m.kr. verðlækkun. Markaðsverð gulls var 1.061,1 Bandaríkjadalur á hverja únsu í árslok 2015 en 1.184,37 á únsu í upphafi árs sem nemur um 10,4% lækkun milli ára.

Gengishagnaður (tap) af gjaldeyrisviðskiptum

8. Gengistap varð af gjaldeyrisviðskiptum á árinu 2015 sem nam alls 119,2 m.kr. Á árinu 2014 var hagnaður af gjaldeyrisviðskiptum 332,7 m.kr. Gengishagnaður (tap) af þeim gjaldeyrisviðskiptum, þar sem bankinn selur eða kaupir erlendan gjaldeyri, bókfærast sem hagnaður eða tap.

	2015	2014
Gengishagnaður (tap) af gjaldeyrisviðskiptum (þús.kr.) ...	(119.155)	332.693
	<u>(119.155)</u>	<u>332.693</u>

Laun og launatengd gjöld

9. Laun og launatengd gjöld greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Laun	2.089.162	1.884.390
Lífeyrissjóður	290.465	271.892
Launatengd gjöld	211.449	190.757
Framlag til lífeyrisskuldbindinga	39.676	(11.179)
	<u>2.630.752</u>	<u>2.335.860</u>
Fjöldi starfa í árslok	207	208

- Á árinu 2015 námu heildarlaun til bankastjóra og bankaráðs 54,7 m.kr. Bankastjóri fær ekki greidda þóknun fyrir setu í stjórnnum og nefndum sem stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði standa sameiginlega að eða sem Seðlabanki Íslands tilnefnir fulltrúa í skv. lögum. Heildargreiðslur til bankastjóra og bankaráðs á árinu 2015 greinast þannig í m.kr.:

	2015	2014
<i>Bankastjóri</i>		
Már Guðmundsson.....	21,9	20,3
<i>Aðstoðarbankastjóri</i>		
Arnór Sighvatsson.....	19,8	21,4
<i>Bankaráð</i>		
Pórunn Guðmundsdóttir, formaður.....	2,0	0,0
Ólöf Nordal, fyrrverandi formaður.....	0,0	2,6
Jón Helgi Egilsson, varaformaður og starfandi formaður hluta árs	2,6	2,1
Aðrir bankaráðsmenn og varamenn	8,4	8,2
	<u>54,7</u>	<u>54,6</u>

Önnur rekstrargjöld

10. Önnur rekstrargjöld greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Aðkeypt þjónusta.....	748.638	815.202
Rekstur eigna og lausafjármuna.....	200.285	219.526
Ýmsir rekstrarliðir	178.154	176.057
	<u>1.127.078</u>	<u>1.210.785</u>

Kostnaður af seðlum og mynt

11. Kostnaður af seðlum og mynt greinist þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Seðlaprentun.....	100.124	39.812
Myntslátta.....	62.555	22.342
Búnaður.....	3.332	6.234
	<u>166.012</u>	<u>68.389</u>

- Á árinu voru prentaðir 500 kr. seðlar og myntslátta var vegna 100 kr. og 10 kr.

Bakfærð virðisrýrnun krafna (virðisrýrnun krafna)

12. Bankinn færir afskriftareikning krafna vegna þeirra krafna sem hann telur að muni tapast en ekki er um endanlega afskrift að ræða. Bakfærð virðisrýrnun krafna sem nemur 6,1 ma.kr. er til komin vegna betri endurheimtna af kröfum ESI á gjaldþrota fjármálafyrirtæki.

Gengismunur


13. Gengismunur greinist þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Gull.....	250.112	890.848
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	1.233.990	(550.433)
Erlendar bankainstæður.....	(2.979.518)	1.874.831
Erlend verðbréf og sjóðir	(10.154.637)	21.153.864
Erlendar skammtímaskuldir	200.958	(3.184.487)
Erlend lán, gjaldeyriseikningar	3.986.600	(18.561.010)
Afleiður	(769.477)	3.851.303
Annað.....	(120.786)	710.173
	<u>(8.352.759)</u>	<u>6.185.091</u>

Breyting helstu gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni var þannig (%):


	2015	2014
USD	2,12	10,32
EUR	-8,39	-2,67
GBP	-2,83	3,92
NOK	-13,97	-9,39
DKK	-8,60	-2,48
SEK	-6,37	-8,39
JPY	1,35	-3,05
CHF	1,72	-0,70
CAD	-14,89	1,41
XDR	-2,26	3,64

Heildareignir og -skuldir í erlendum gjaldmiðli 2015



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Heildareignir og -skuldir í erlendum gjaldmiðli 2014



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tekjuskattur

14. Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekjuskatti skv. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Gjaldfærður tekjuskattur í ársreikningi er vegna félaga í eigu bankans og greinist hann þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf.....	(2.151.791)	(2.686.546)
Greiðsluveitan ehf.....	(25.903)	(21.330)
Hilda ehf.	123.681	0
	<u>(2.054.012)</u>	<u>(2.707.876)</u>

- Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2016 nemur 816 m.kr.

Virkur tekjuskattur greinist þannig (þús.kr.):

	2015		2014	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður félaga í eigu bankans	12.353.018		7.525.739	
Skatthlutfall	(2.470.604)	-20	(1.505.148)	-20,0
Ófrádráttarbær kostnaður	(14)	0	(27.993)	0
Hlutdeild í afkomu félaga í eigu bankans sem ekki færa tekjuskattsinneign	170.631	1,38	153.786	2,0
Fenginn arður til frádráttar	8.192	0,07		
Frádráttur vegna söluhagnaðar hlutabréfa.....	42.385	0,34		
Breyting á niðurfærslu tekjuskatts	195.397	1,58	(1.307.187)	-17,4
Breyting á skattstofni ársins			(21.334)	-0,3
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>(2.054.012)</u>	<u>-16,6</u>	<u>(2.707.876)</u>	<u>-36,0</u>

Ráðstöfun til ríkissjóðs

15. Með lögum nr. 122/2014, um breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, voru gerðar veigamiklar breytingar á reglum um ráðstöfun hagnaðar. Frá og með 1. janúar 2014 skal Seðlabanki Íslands halda sérstakan reikning meðal eiginfjárliða og skal hann nefndur „Varasjóður“.

- Meginmarkmiðið með því að halda varasjóð er að tryggja að aðeins sá hagnaður sem hefur verið innleystur myndi grundvöll til ráðstöfunar til ríkissjóðs eða til eflingar á eigin fé bankans. Þannig getur Seðlabankinn fært óinnleystan hagnað í varasjóð. Óinnleyst tap, umfram þegar skráðan óinnleystan hagnað, færast til lækkunar á hagnaði sem er til ráðstöfunar. Þessi framsetning er hluti af varfærum reikningsskilum seðlabanka og miðar að því að hagnaði sé ráðstafað þegar hann myndast.
- Verðendurmat skal samanstanda af uppfærðum markaðsverðum og gengisbreytingum gjaldmiðla, og skal það ná til fjárhagslegra eigna og skulda, afleiðna og gulls. Fjármálagerningar í innlendum og erlendum gjaldmiðlum skulu verðmetnir hver fyrir sig.

Rekstrarniðurstaða greinist þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Hreinar vaxtatekjur	3.068.635	6.219.916
Verðendurmat, innleyst og óinnleyst	16.632.862	4.581.152
Gengismunur, innleystur og óinnleystur	(8.471.914)	6.517.785
Tekjur af hlutafjäreignum	85.923	40.195
Aðrar tekjur	1.352.590	1.474.846
Rekstrargjöld	(4.962.769)	(4.906.377)
Tekjuskattur	(2.054.012)	(2.707.876)
Hagnaður ársins	<u>5.651.314</u>	<u>11.219.641</u>

Varasjóður greinist þannig (þús.kr.):


	2015	2014
Staða í upphafi árs	9.313.826	0
Verðendurmat erlendra verðbréfa	(4.787.407)	3.249.131
Verðendurmat innlendra verðbréfa	81.324	0
Gengismunur	(4.501.911)	6.185.091
Verðendurmat gulls	(1.067.425)	(120.397)
Fært á óráðstafað eigið fé	961.593	0
Staða í lok árs	<u>0</u>	<u>9.313.826</u>

- Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands skal bankinn búa yfir fjárhagslegum styrk. Til þess að tryggja þetta markmið er hagnaði bankans ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Hagnaður ársins skv. ársreikningi er 5,7 ma.kr. Varasjóður lækkar um 9,3 ma.kr. Ráðstöfun á hagnaði bankans og innstæðu í varasjóði, samtals 14,9 ma.kr. verður notaður til eflingar eigin fjár bankans sbr. 2. mgr. 34. gr. laga um Seðlabanka Íslands.

Gulleign

16. Gulleign bankans var 63.910,75 únsur í árslok 2015. Gulleign er færð á gangvirði í árslok 2015 en únsan var þá metin á 1.061,1 Bandaríkjadal sem samsvarar 137.508 kr. Gulleignin þannig metin nam 8,8 ma.kr. í árslok 2015.

Próun gulleignar



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Breyting gulleignar greinist þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Staða í upphafi árs	9.597.822	8.816.672
Kaup á árinu	11.910	6.525
Verðendurmat	(1.067.425)	(120.397)
Gengismunur	250.112	890.848
Breyting áfallinna vaxta	(2.132)	4.174
Staða í lok árs	<u>8.790.287</u>	<u>9.597.822</u>

Erlendar eignir

17. Erlendar eignir greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Erlendar bankainnstæður	129.808.977	35.375.300
Erlend verðbréf	489.306.142	479.195.656
Erlendir verðbréfasjóðir	1.357.268	1.318.043
Sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	20.072.341	1.013.801
Erlendar afleiður	119.959	103.534
Erlendar eignir utan forða	942.046	1.013.326
	<u>641.606.734</u>	<u>518.019.660</u>

18. Erlendar bankainnstæður greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Innstæður í erlendum seðlabönkum	98.282.149	17.800.255
Innstæður í Alþjóðagreiðslubankanum	27.525.442	10.004.213
Innstæður í öðrum erlendum bönkum	4.001.387	7.570.832
	<u>129.808.977</u>	<u>35.375.300</u>
Innstæður, lausar til útgreiðslu	102.285.110	25.384.094
Bundnar innstæður, lausar innan 3 mánaða	27.523.867	9.991.206
	<u>129.808.977</u>	<u>35.375.300</u>

19. Breytingar á erlendum verðbréfum og sjóðum á árinu greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Staða í upphafi árs.....	480.513.699	431.765.493
Kaup á árinu.....	243.097.654	191.779.189
Sala og innheimtur á árinu.....	(215.401.132)	(166.931.784)
Verðendurmat.....	(7.392.174)	2.746.937
Gengismunur.....	(10.154.637)	21.153.864
Staða í lok árs.....	<u>490.663.410</u>	<u>480.513.699</u>

20. Erlendar eignir utan forða:

Erlendar eignir utan gjaldeyrisforða greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Eignarhlutir í Alþjóðagreiðslubankanum.....	184.486	184.486
Aðrar eignir utan gjaldeyrisforða.....	757.560	828.840
	<u>942.046</u>	<u>1.013.326</u>

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS)

21. Úthlutaður kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nam 117,6 m. SDR í árslok 2015. Kvótinn var greiddur að 1/4 hluta með gullframlagi á sínum tíma en að öðru leyti með krónuframlagi. Gjaldreyrisstaða bankans við sjóðinn nam 18,8 m. SDR sem er mismunurinn á kvótanum og krónuinneign sjóðsins hjá bankanum, sbr. neðangreinda töflu. Lántaka bankans í formi úthlutunar sjóðsins á SDR nam 112,2 m. SDR.

<i>Eignir:</i>	<i>SDR (þús.)</i>	<i>ISK (þús.kr.)</i>
Kvóti Seðlabanka Íslands.....	117.600	21.126.840
Inneign hjá Seðlabanka Íslands.....	(98.846)	(17.757.620)
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans hjá AGS.....	18.754	3.369.392
Innstæða Seðlabankans hjá AGS.....	111.721	20.072.341
	<u>130.475</u>	<u>23.441.734</u>
<i>Skuldir:</i>		
Mótvirði úthlutaðra SDR.....	112.184	20.155.612
Viðskiptareikningur AGS hjá Seðlabanka Íslands.....	7	1.251
	<u>112.191</u>	<u>20.156.863</u>

Innlendar fjáreignir

22. Mótaðilar innlendra fjáreigna greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Fjármálastofnanir.....	89.108.899	168.416.116
Ríkissjóður.....	98.412.650	155.357.252
Aðrir aðilar.....	63.238.979	77.989.740
	<u>250.760.528</u>	<u>401.763.108</u>

23. Innlendir fjáreignir við fjármálastofnanir greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Afleiður	113.462	2.108.931
Innstæður.....	200.427	338.301
Útlán	88.795.010	165.968.884
	<u>89.108.899</u>	<u>168.416.116</u>

24. Innlendir fjáreignir við ríkissjóð greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Skuldabréf	90.632.442	145.622.896
Ríkisbréf	7.357.108	9.368.361
Ríkisbréf í erlendum gjaldeyri	423.100	365.995
	<u>98.412.650</u>	<u>155.357.252</u>

Breytingar á skuldabréfi ríkissjóðs greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014	2013	2012	2011
Staða í upphafi árs	145.622.896	172.034.789	170.865.296	173.073.569	164.388.389
Höfuðstólslækkun.....		(26.000.000)			
Arðgreiðsla inn á höfuðstól	(1.905.815)				
Verðbætur			4.954.164	6.116.916	8.631.830
Áfallnir vextir	(40.454)	(411.893)	978.760	(956.741)	53.350
Greiðsla	(53.044.185)		(4.763.431)	(7.368.448)	
Staða í lok árs	<u>90.632.442</u>	<u>145.622.896</u>	<u>172.034.789</u>	<u>170.865.296</u>	<u>173.073.569</u>

- Hinn 30. desember 2014 var stofnfé bankans lækkað um 26 ma.kr. og var stofnfjárlækkuninni ráðstafað til lækkunar á höfuðstóli skuldabréfsins við ríkissjóð samhliða breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Skilmálum skuldabréfsins var einnig breytt samkvæmt samkomulagi milli ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands sem tók gildi 1. janúar 2015.

25. Aðrir aðilar greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Húsbréf	2.153.784	7.289.012
Sveitarfélagabréf.....	0	94.362
Fjármálastofnanir í slitameðferð	54.557.267	58.321.812
Aðrir aðilar.....	6.527.928	12.284.555
	<u>63.238.979</u>	<u>77.989.740</u>

26. Gjaldfallnar kröfur í eigu ESÍ námu 54,6 ma.kr. í árslok 2015 samborið við 58,3 ma.kr. í árslok 2014.

<i>Gjaldfallnar kröfur greinast þannig (þús.kr.):</i>	2015	2014	2013	2012
Staða í upphafi árs.....	58.321.811	57.128.898	56.472.249	53.682.450
Yfirtaka gjaldfallinna veðlána á árinu		1.192.913	86.829	2.935.149
Viðskipti með kröfur	9.923.503			
Verðbreytingar	4.256.365		569.820	(145.349)
Afborganir og gengismunur	(17.944.412)			
Staða í lok árs	<u>54.557.267</u>	<u>58.321.811</u>	<u>57.128.898</u>	<u>56.472.249</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

27. Varanlegir rekstrarfjármunir voru færðir til eignar á árinu 2005 miðað við matsverð í lok þess árs. Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

- Varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2015 greinast þannig (þús.kr.):

	Land	Fasteignir	Lausafé	Söfn	Samtals
<i>Kostnaðar- og matsverð</i>					
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2014		96.853	793.107	8.126	898.086
Matsverð í ársbyrjun 2014	24.000	4.575.331	30.226	237.000	4.866.557
Samtals í ársbyrjun 2014	<u>24.000</u>	<u>4.672.184</u>	<u>823.333</u>	<u>245.126</u>	<u>5.764.642</u>
Eignfært á árinu		2.048	59.829		61.877
Selt og aflagt á árinu (kostnaðarverð) ..			(195.244)		(195.244)
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2015		98.901	657.692	8.126	764.719
Matsverð í ársbyrjun 2015	24.000	4.575.331	30.226	237.000	4.866.557
Samtals í ársbyrjun 2015	<u>24.000</u>	<u>4.674.232</u>	<u>687.918</u>	<u>245.126</u>	<u>5.631.275</u>
Eignfært á árinu			227.731		227.731
Kostnaðarverð í árslok 2015		98.901	885.423	8.126	992.450
Matsverð í árslok 2015	24.000	4.575.331	30.226	237.000	4.866.557
Samtals í árslok 2015	<u>24.000</u>	<u>4.674.232</u>	<u>915.649</u>	<u>245.126</u>	<u>5.859.007</u>
<i>Afskriftir</i>					
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2014		6.466	436.200		442.667
Matsverð í ársbyrjun 2014		439.331	30.226		469.556
Samtals í ársbyrjun 2014		<u>445.797</u>	<u>446.426</u>		<u>912.223</u>

	Land	Fasteignir	Lausafé	Söfn	Samtals
Afskrift ársins á kostnaðarverði		1.167	119.077		120.244
Afskrift ársins á matsverði		48.944			48.944
Aflagt á árinu (kostnaðarverð)			(195.244)		(195.244)
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2015		7.634	360.033		367.666
Matsverð í ársbyrjun 2015		488.275	30.226		518.501
Samtals í ársbyrjun 2015		495.909	390.258		886.167
Afskrift ársins á kostnaðarverði		1.191	111.358		112.550
Afskrift ársins á matsverði		48.944			48.944
Kostnaðarverð í árslok 2015		8.825	471.391		480.216
Matsverð í árslok 2015		537.219	30.226		567.445
Samtals í árslok 2015		546.044	501.617		1.047.661
<i>Bókfært verð</i>					
Bókfært verð í ársbyrjun 2014	24.000	4.226.387	356.907	245.126	4.852.419
Bókfært verð í ársbyrjun 2015	24.000	4.178.323	297.659	245.126	4.745.108
Bókfært verð í árslok 2015	24.000	4.128.188	414.032	245.126	4.811.346
Afskriftarhlutföll	0%	1-3%	10-33%	0%	

- Fasteignamat varanlegra rekstrarfjármuna í lok árs nemur 4,5 ma.kr.

Fullnustueignir og fasteignir til sölu

28. Fullnustueignir og fasteignir til sölu greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Staða í ársbyrjun	9.725.128	11.488.826
Leiðrétt frá fyrra ári ¹		1.302.694
Yfirtaka á árinu	1.187.249	570.169
Eignfærðar endurbætur	395.729	668.338
Selt á árinu	(8.216.848)	(4.917.973)
Matsbreytingar og söluhagnaður	1.814.274	613.075
Staða í árslok	4.905.532	9.725.128

1. Hér er um að ræða leiðréttingu frá 2014 í tengslum við samning ESÍ, Dróma hf. og Arion banka.

Frestaður skattur

29. Frestaður skattur greinist þannig (þús.kr.):

	Inneign	Skuldbinding	Samtals
Staða 1. janúar 2014	3.742.341	(36.523)	3.705.818
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2014	(2.685.080)	(22.796)	(2.707.876)
Leiðréttur skattstofn vegna fyrra árs	21.334		21.334
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2015	186.396	39.309	225.706
Staða 31. desember 2014	1.264.992	(20.010)	1.244.982
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2015	(2.029.576)	(24.436)	(2.054.012)
Leiðréttur skattstofn vegna fyrra árs	3.614		3.614
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2016	774.371	41.484	815.855
Staða 31. desember 2015	13.402	(2.962)	10.440

Tekjuskattsineign/ (-skuldbinding) greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins (þús.kr.):

	2015	2014
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.086	(17.341)
Varúðarniðurfærsla krafna	1.067.349	2.394.130
Frestaður gengismunur	(31.094)	175.379
Niðurfærsla tekjuskattsineignar vegna óvissu.....	(1.032.902)	(1.307.187)
	<u>10.440</u>	<u>1.244.982</u>

Aðrar eignir

30. Aðrar eignir greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Hlutabréf.....	260.492	292.256
Eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélögum.....	139.176	0
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	1.492.790	2.526.499
Aðrar eignir.....	827.717	2.207.341
	<u>2.720.175</u>	<u>5.026.096</u>

Hlutdeildarfélög metin samkvæmt hlutdeildaraðferð:

	Staðsetning	Eignarhluti	Meginstarfsemi
LL09 ehf.....	Ísland	20%	Eignarhaldsfélag
Próunarfélagið ehf.....	Ísland	20%	Eignarhaldsfélag
GKH holding AS	Noregur	22%	Eignarhaldsfélag

Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinast þannig (þús.kr.):

	2015
Keypt og yfirtekið á árinu	176.423
Hlutdeild í afkomu	(24.675)
Þýðingarmunur.....	(12.572)
Staða í árslok	<u>139.176</u>

Samstæðan og félög í eigu bankans

31. Félög í eigu bankans

Félög innan samstæðu:	Staðsetning	Eignarhluti	Meginstarfsemi
Greiðsluveitan ehf	Ísland	100%	Rekstur greiðslukerfa
Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
<i>Félag í eigu ESÍ:</i>			
Hilda ehf.....	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Befast 1 ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
<i>Félag í eigu Befast 1 ehf.:</i>			
M8 ehf.....	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
<i>Félög í eigu Hildu ehf. og dótturfélaga þess:</i>			
D fasteignafélag ehf.....	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
F fasteignafélag ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
F25 ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Fasteignafélagið Hlíð ehf.....	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Ork ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Skipholt 11-13 ehf.....	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Leiguhlíð ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Kistuhlíð ehf.....	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag

<i>Félög utan samstæðu:</i>	<i>Staðsetning</i>	<i>Eignarhluti</i>	<i>Meginstarfsemi</i>
<i>Félög í eigu ESÍ:</i>			
Salve	Úkraína	100%	Verslunarrekstur
Salve Lviv.....	Úkraína	100%	Verslunarrekstur
<i>Félög í eigu M8 ehf.:</i>			
Ukrapteka	Bretland	90%	Eignarhaldsfélag
<i>Félög í eigu Hildu ehf. og dótturfélaga þess:</i>			
Mýrarhlíð ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Spron Factoring hf.....	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Steinsnes ehf.....	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Befast 3 ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Befast 4 ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Befast 2 ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Bereal 2 ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Bereal 3 ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Bereal 4 ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Meingarður ehf.....	Ísland	95%	Eignarhaldsfélag
Blafell Immobilien GmbH.....	Þýskaland	100%	Eignarhaldsfélag
Meingil ehf.	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Svarta Immobilien GmbH.....	Þýskaland	100%	Eignarhaldsfélag
Mitt ehf.....	Ísland	100%	Eignarhaldsfélag
Esja Immobilien GmbH.....	Þýskaland	100%	Eignarhaldsfélag
Fasteignafélagið Kurfurst ehf.....	Ísland	77%	Eignarhaldsfélag
Kurfo-Investment GmbH.....	Þýskaland	100%	Eignarhaldsfélag

- Ákveðnum dótturfélögum er haldið utan samstæðu þar sem þau hafa annaðhvort óverulega þýðingu fyrir rekstur eða efnahag samstæðunnar eða samstæðan aflaði eignarhlutanna eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá og hafa ekki áður verið inn í samstæðureikningi bankans.

Seðlar og mynt

32. Útgefnir seðlar og mynt greinast þannig (þús.kr.):

<i>Seðlar:</i>	<i>2015</i>	<i>2014</i>
10.000 krónur.....	20.057.500	13.197.500
5.000 krónur	26.056.000	28.156.000
2.000 krónur	238.000	260.000
1.000 krónur	4.876.000	4.216.500
500 krónur.....	1.280.000	1.210.750
	<u>52.507.500</u>	<u>47.040.750</u>
<i>Mynt:</i>		
100 krónur.....	1.905.300	1.730.600
50 krónur	532.540	494.940
10 krónur	500.730	471.850
5 krónur.....	114.609	110.149
1 króna.....	110.458	107.026
	<u>3.163.637</u>	<u>2.914.565</u>
Samtals útgefnir seðlar og mynt.....	<u>55.671.137</u>	<u>49.955.315</u>

Erlendar skuldir

33. Erlendar skuldir greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Lán frá Alþjóðagjaldseyrissjóðnum	0	43.785.622
Bundin innlán erlendra aðila	1.909.040	1.680.771
Aðrar skuldir	151.302	211.873
	<u>2.060.342</u>	<u>45.678.267</u>

- Lánið frá Alþjóðagjaldseyrissjóðnum var tekið í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda hér á landi í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Heildarfjárhæð lánsins, sem tekið var í áföngum í samræmi við efnahagsáætlunina, nam um 250 ma.kr. eða 1.400 m.SDR. Í lok árs 2011 hafði verið dregið að fullu á heildarlánafyrirgreiðsluna. Á árinu 2012 voru greiddar innborganir inn á lánið að fjárhæð 888 m.SDR. Í lok árs 2014 var greitt inn á lánið að fjárhæð 275 m.SDR og 8. október 2015 voru eftirstöðvar lánsins, 237 m.SDR, að fullu greiddar. Með uppgreiðslu lánsins lýkur jafnframt eftirfylgni Alþjóðagjaldseyrissjóðsins hér á landi í kjölfar loka efnahagsáætlunarinnar.
- Samkomulag náðist árið 2014 milli Seðlabanka Íslands og erlendra tryggingafélaga um að félögin komi með til landsins erlendan gjaldeyri til mótvægis við yfir helming framtíðariðgjaldagreiðslna sem fara úr landi. Þetta var gert til að draga úr neikvæðum áhrifum á greiðslujöfnuð Íslands.


Innstæður

34. Innstæður fjármálastofnana greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Viðskiptareikningar innlánsstofnana	48.254.228	31.372.443
Viðskiptareikningar annarra fjármálastofnana	18.644.984	19.077.638
Gjaldeyrisreikningar	744.458	1.571.571
	<u>67.643.670</u>	<u>52.021.653</u>

- Þátttakendur í stórgreiðslukerfi Seðlabankans geta verið með yfirdráttarheimild innan dags á stórgreiðslureikningi sínum. Ef þátttakandi er með yfirdráttarheimild þarf hann að leggja fram tryggingar vegna greiðslna í kerfinu sem eru verðbréf sem Seðlabankinn metur hæf hverju sinni. Fjárhæð trygginga svarar til innandagsheimildar hvers þátttakanda hverju sinni.
- Í lok ársins 2015 námu tryggingar í stórgreiðslukerfi 16,6 ma.kr. að markaðsvirði.

Próun innlendra reikninga og gjaldeyrisreikninga



Heimild: Seðlabanki Íslands.

35. Innstæður annarra aðila greinast þannig (þús.kr.):

	2015	2014
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	90.785.727	145.950.182
Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	301.343.954	360.885.101
Erlendir aðilar með innlendar innstæður	15.162.386	22.766.119
Bundinn gjaldeyri fjármálastofnana í slitameðferð	10.053.506	10.029.718
Gjaldeyrisreikningar fjármálastofnana í slitameðferð	8.414.376	13.908.653
